

*Sent í tölvupósti*

Reykjavík, 17. apríl 2023

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
v.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

**Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar vegna tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál, 153. löggjafarþing.**

Bændasamtökin hafa lengi kallað eftir því að ríkisvaldið setji fram stefnu sína í landbúnaðarmálum og ber því að fagna að slík stefna hafi nú litið dagsins ljós. Samtökin geta jafnframt tekið undir öll þau meginmarkmið sem sett eru fram í stefnunni í liðum a.-o.

Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar frá 9. desember sl. segir eftirfarandi:

*Tillaga til þingsályktunar um Landbúnaðarstefnu Íslands. Með landbúnaðarstefnunni er ætlunin að skapa skýrari sýn og áherslur fyrir landbúnað. Grundvöllur hennar er skýrslan Landbúnaðarstefnan Ræktum Ísland! Landbúnaður á 21. öld. Með stefnunni er hugað að umgjörð landbúnaðar í heild og er henni ætlað að liggja til grundvallar við endurskoðun búvörusamninga árið 2023 og síðar.*

**Nokkur meginatriði**

Ljóst má vera að Matvælaráðuneytið er með stefnunni að boða margföldun ríkisframlaga til íslensk landbúnaðar í formi beins stuðnings/niðurgreiðslna til framleiðenda, aukinna framlaga til uppbyggingar og eflingar innviða, nýsköpunar og þróunar, rannsókna og menntunar. Bændasamtökin fagna þeirri stefnubreytingu ráðuneytisins heilshugar og treysta því að málið njóti fulls stuðnings ríkisstjórnarinnar. Enda grundvallaratriði þannig að hægt sé að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar að allar þær aðgerðir sem þar eru boðaðar verði að fullu fjármagnaðar af ríkisvaldinu.

Bændasamtökin fagna því jafnframt að með stefnunni, sem gildir til ársins 2040, er tekinn af allur vafi um það markmið ríkisvaldsins að tryggja starfsskilyrði íslensks landbúnaðar bæði í núinu og til framtíðar þannig að greinin bæði vaxi og dafni og sé undirstaða fæðuöryggis á Íslandi. Samtökin fagna þessu markmiði eindregið enda sé með því alfarið tekið fyrir að teknar séu illa ígrundaðar ákvarðanir á borð við einhliða niðurfellingu tolla líkt og Alþingi gerði í júní sl. Tollvernd er í dag eitt af starfsskilyrðum íslensk landbúnaðar og því gefur auga leið að einhliða niðurfelling tolla án jafngilda mótvægisáðgerða eru með öllu ótækar enda kippir slíkt með öllu stöðum undan íslenskum landbúnaði.

Eins og fram hefur komið þá er landbúnaðarstefnan kynnt af ríkisstjórn sem nokkurskonar yfirkröfugerð ríkisvaldsins við endurskoðun búvörusamninga og gerð nýrra búvörusamninga fyrir árin 2026-2040. Samkvæmt íslenskum lögum þá eru það Bændasamtök Íslands sem halda á samningsumboði bænda við gerð búvörusamninga. Með landbúnaðarstefnu þessari eru boðaðar grundvallarbreytingar á stuðningskerfi landbúnaðar auk þess sem kynnt eru til

sögunnar hin ýmsu verkefni sem enn eru óutfærð og ófjármögnuð. Samtökin gera því þann almenna fyrirvara við landbúnaðarstefnuna að hún gefi gott yfirlit yfir áherslur ríkisvaldsins í komandi samningaviðræðum ríkisvaldsins við bændur en stefnan geti hins vegar aldrei orðið annað en kröfugerð þar sem búvörusamningar byggja á virkum samningaviðræðum ríkis og bænda. Það er því ekki ætlun Bændasamtakanna að rekja afstöðu sína til landbúnaðarstefnunnar í löngu máli þar sem samningaviðræður byggja á samtali um ótal atriði sem sértæk eru fyrir hverja búgrein auk þess sem slíkt samtal mótast að miklu leiti á því hvar samningafletirnir liggja hverju sinni.

### **Aðgerðaáætlun**

Bændasamtökin telja rétt að setja fram eftirfarandi aðgerðaáætlun í 10 liðum en þær aðgerðir sem hér eru raktar eru allar grunnforsendur þess að ná megi tilsettum meginmarkmiðum landbúnaðarstefnunnar. Þá er í öllum tilfellum um að ræða aðgerðir sem þegar hafa verið til umræðu eða undirbúningur að einhverju leiti hafinn þannig að hægt er að hrinda þeim í framkvæmd á allra næstu mánuðum:

#### 1) Samstarfsnefnd.

Virkt samtal milli Matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og eftir atvikum annarra ráðuneyta og stofnana eru grunnforsenda framþróunar í íslenskum landbúnaði. Bændasamtökin fara með hagsmuni meginþorra framleiðenda í landbúnaði í öllum helstu matvælaframleiðslugreinum í íslenskum landbúnaði. Samtökin eru þannig ein af stærstu og öflugustu félagasamtökum landsins með beina tengingu við grasrótina og alla helstu hagaðila. Bændasamtökin leggja til að sett verði á fót samstarfsnefnd um samskipti ríkis og bænda, að fordæmi svokallaðrar Jónsmessunefndar sem hefur slíkt hlutverk varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga. Tilgangur samstarfsnefndarinnar verði að auka traust og formfestu í samskiptum ríkis og bænda, bæta stjórnslu hins opinbera og efla gagnkvæman skilning á viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig. Nefndin hafi jafnframt það hlutverk að fara yfir einstök mál sem til hennar er vísað og hafi frumkvæði að því að taka upp mál sem varði bættu verkferla og samskipti innan stjórnslunnar varðandi málefni bænda. Er þessi aðgerð ekki hvað síst mikilvæg vegna þess, eins og landbúnaðarstefna þessi ber með sér, að landbúnaður er víðtæk starfsemi sem nær inn á málefnasvið margra ráðuneyta.

#### 2) Hagtölugrunnur

Innan tveggja ára verði lokið því verkefni að koma á sameiginlegum hagtölugrunni um öll þau atriði er áhrif hafa á íslenskan landbúnað, en slíkur grunnur er forsenda þess að hægt sé að eiga samtöl á sameiginlegum grunni um þær breytingar sem boðaðar eru af hálfu ríkisins með stefnunni á stuðningskerfi landbúnaðar.

#### 3) Tryggingamál bænda

Innan tveggja ára verði Bjargráðasjóður orðinn hluti af Náttúruhamfaratryggingu Íslands og sjóðurinn veiti tryggingavernd vegna áfalla í landbúnaði sem ekki er hægt að tryggja hjá íslenskum tryggingafélögum. Tryggingasjóðurinn starfi með bakabyrgð ríkissjóðs þannig að ávallt sé ljóst að tjón séu bætt að fullu í samræmi við skilmála hverju sinni.

#### 4) Fjármögnunarpak búvörusamninga verði afnumið

Við endurskoðun búvörusamninga á árinu 2023 er óhjákvæmilegt, eigi landbúnaðarstefnan að ná fram að ganga, að gera breytingar á samningunum þess efnis

að með aukinni framleiðslu fylgi samhliða auknir fjármunir úr ríkissjóði inn í búvörusamningana. Sama á við um fjárfestingar- og nýliðunarstuðning en eðli slíkra styrkja er með þeim hætti að tilgangi þeirra er ekki náð þegar mjög takmarkaðir fjármunir eru til skiptanna. Slíkt hamlar nýliðun og tæknivæðingu atvinnugreinarinnar. Í þessu samhengi verður að gæta jafnræðis milli atvinnugreina og má þar m.a. vísa til endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna erlendrar kvikmyndaframleiðslu á Íslandi.

5) Einföldun regluverks

Stofnaður verði starfshópur á vegum matvælaráðuneytisins með aðkomu Bændasamtakanna og annarra hagaðila sem hafi það markmið að ráðast í einföldun regluverks í landbúnaði með hagsmuni íslensk landbúnaðar að leiðarljósi. Auk þess verði markmið landbúnaðarstefnunnar höfð að leiðarljósi í þessari vinnu. Verkefninu verði lokið haust 2023 og lagt fram sem frumvarp á haustþingi 2023.

6) Evrópureglugerðir, breytt verklag

Þegar í stað verði verklagi við innleiðingu Evrópuregla breytt og allt það regluverk sem innleitt hefur verið í íslenskan rétt yfirfarið með það að markmiði að opna alla möguleika sem þar eru til staðar til aðlögunar að íslenskum aðstæðum. Um er að ræða grundvallaratriði varðandi samkeppnishæfni íslensk landbúnaðar. Efla verður matvælaráðuneytið þannig að tæknilegar útfærslur á innleiðingu Evrópureglna eigi sér stað innan ráðuneytisins en ekki hjá undirstofnunum. Breytt verklag verði innleitt á vormánuðum 2023 og yfirferð þegar innleidds regluverks verði lokið fyrir mitt ár 2024.

7) Landbúnaðarland

Þegar í stað verði gripið til aðgerða á grundvelli þjóðaröryggis til að tryggja ræktunarland og annað landbúnaðarland til landbúnaðarnota. Ábyrgðin liggja hjá sveitarfélögum og ríkinu um að tryggja framboð lóða til matvælaframleiðslu og flokka landbúnaðarland. Þá verði eigendastefna ríkisins um ríkisjarðir uppfærð með það að markmiði að landbúnaðarnot slíkra jarða séu í forgangi auk þess sem skoðaðir verði möguleikar ríkisins til jákvæðra hvata þannig að slíku markmiði sé náð.

8) Lífrænn úrgangur og áburðarframleiðsla

Stjórnvöld stuðli þegar í stað að samstarfsvettvangi um fjárfestingu, rannsóknir og þróun til endurnýtingar alls lífræns úrgangs sem til fellur á Íslandi sem verði nýttur til framleiðslu innlands tilbúins áburðar til landbúnaðarnota. Ísland hefur allt til að bera til að vera leiðandi á þessu sviði auk þess sem slík endurnýting myndi leiða til sjálfbærni Íslands varðandi áburðarþörf. Mikilvægt er að slíkur samstarfsvettvangur verði stofnaður á allra næstu vikum.

9) Upprunamerkingar verði lögbundnar

Framleiðendur verði skyldaðir til að upprunamerkja innlendar landbúnaðarvörur með upprunamerkinu Íslenskt staðfest. Samhliða verði skoðaður sá möguleiki að færa eftirlit með upprunamerkingum til Neytendastofu sem fái fjármagn og mannafla til eftirlits og skýrar og virkar heimildir til viðbragða.

10) Umhverfis- og loftslagsmál.

Bændasamtök Íslands taka fagnandi allri umræðu um umhverfis- og loftslagsmál í víðu samhengi enda samþykkti Búnaðarþing árið 2020 metnaðarfulla umhverfisstefnu landbúnaðarins til ársins 2030. Ríkisstjórn Íslands er í kjörstöðu til að tryggja íslenskum landbúnaði forystusæti á heimsvísu í umhverfis- og loftslagsmálum sem ná

má með virkri samvinnu við Bændasamtökin og þar með grasrótina þ.e. íslenska bændur og aðra hagaðila.

- Bændasamtök Íslands geta til að mynda, fáist til þess fjármunir frá ríkinu, byggt upp á skömmum tíma loftslagsbókhald landbúnaðarins sem byggir á rauntölum.
- Samtökin skynja aukinn vilja hjá stjórnvöldum til að innleiða jákvæða hvata varðandi breyttar áherslur í loftslagsmálum og ber að fagna því enda er slíkt grundvöllur þess að hægt sé að innleiða í íslenskan landbúnað áform á þessu sviði. Felur þetta m.a. í sér innleiðingu á nýrri tækni og aðferðum sem ekki eru fjárhagslega samkeppnishæfar við núverandi tækni og aðferðir og því nauðsynlegt að tilheyrandi fjármunir fylgi aðgerðum ríkisvaldsins á þessu sviði. Dæmi um jákvæða hvata gæti verið að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði sem eru til að mynda rafmagns- eða vetnisknúin og leysa af önnur sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti.
- Varðandi loftslagsmál og minni losun þá er grundvallaratriði í allri þeirri umræðu að allar þær aðgerðir sem íslenskur landbúnaður kann að taka upp telji fyrir íslenskan landbúnað auk þess sem ríkið beiti sér fyrir því að leiðrétting eigi sér stað varðandi reiknaða losun búfjárhalds og ræktunarlands.

Nokkur atriði í þingsályktunartillögum sem Bændasamtökin vilja gera athugasemdir við:

- a. Frá því málið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hefur í h-lið framtíðarsýnar verið felldur út textinn [...] og forgang búvöruframleiðslu á góðu ræktunarlandi. Um er að ræða lykilatriði sem nefnt er í 7. lið tillögu samtakanna að aðgerðaáætlun hér að framan og því mikilvægt að þessum texta verði aftur bætt inn.
- b. Frá því málið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda hefur í kafla 6 hefur verið felld út markmiðsákvæði um að tollastefna verði tryggð sem tryggi stöðu innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Tollvernd er í dag eitt af starfsskilyrðum íslensk landbúnaðar og er tiltekið í búvörusamningum og því afar mikilvægt að slíkt ákvæði sé að finna í landbúnaðarstefnunni.
- c. Liðurinn *Stefnan í framkvæmd*. Bændasamtökin telja mikilvægt að tímasett sé hvenær slík aðgerðaáætlun á að líta dagsins ljós og hvenær fimm ára endurskoðun á að fara fram. Er þetta mikilvægt til að auka fyrirsjáanleika atvinnugreinarinnar.

Í ljósi þess að Bændasamtökin fara með hagsmuni meginþorra framleiðenda í landbúnaði í öllum helstu matvælaframleiðslugreinum í íslenskum landbúnaði auk þess að vera samningsaðili fyrir hönd bænda við gerð búvörusamninga óska samtökin þess að fá tækifæri til þess, til viðbótar umsögn þessari, að halda kynningu fyrir atvinnuveganefnd á stöðu landbúnaðar á Íslandi og starfsskilyrðum atvinnugreinarinnar.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands  
Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur



**BÆNDASAMTÖK**  
ÍSLANDS




Íslenskur landbúnaður 2023  
Staða og aðgerðir

# Svona er íslenskur landbúnaður

Landbúnaður er ein af grunnstoðum íslensk samfélags.  
Meginhlutverk atvinnugreinarinnar er framleiðsla á fjölbreyttum búvörum með áherslu á að byggja undir grunn fæðuöryggis, styrkja áfallapól samfélagsins, viðhalda matvælaöryggi og stuðla að sjálfbærni.

# FRAMLEIÐSLUVIRÐI 2020



**2.800**

**Bændur**

**80.000**

**Milljónir í  
framleiðsluvirði  
(2023 áætlað)**


**3.800**

**Störf í landbúnaði**

**4.900**

**Afleidd störf**

Framleiðsluvirði landbúnaðarafurða






# KJÖTFRAMLEIÐSLA DREGST SAMAN

- Innlend framleiðsla á kjöti árið 2022 var 30.428 tonn
- Samdráttur fjögur ár í röð
- Andstæð þróun m.v. markmið
- Áhrifa gætir frá regluverki og tollasamningum
- Framleiðslan hefur dregist saman í tonnum talið þrátt fyrir fólksfjölgun

## Kjötframleiðsla á Íslandi



## Breyting milli ára



# ÞRÓUN VERÐLAGS Á KJÖTMARKAÐI

- Á myndinni sést hvernig verðfall á afurðum einnar kjöttegundar hefur bein áhrif á verðmyndun annarra
- Áhrif Úkraínufrumvarps ekki komin fram að fullu
- Tryggja þarf jafnvægi innlendrar framleiðslu á litlum markaði gagnvart innflutningi


# Þróun verðlags 2000-2020




# RÍKISSTUÐNINGUR OG REKSTRARVÖRUR

- 2022 sá ríkisvaldið ástæðu til að leggja íslenskum landbúnaði til 2,6 milljarða í samræmi við niðurstöður spretthópsins. Að auki 700 milljónir í áburðarstuðning á liðnu ári.
- Þrátt fyrir að afurðaverð hafi farið hækkandi þá hefur aðfangaverð ekki þróast á jákvæðan hátt auk verulega aukins fjármagnskostnaðar.

## Beinn stuðningur frá stjórnvöldum (verðlagi hvers árs)



## Verðþróun á rekstrarvörum



# HVAÐAN KEMUR SAMKEPPNIN

- Mikil samkeppnisáhrif erlendis frá vegna lægra virðis tollverndar.
- Samkeppnin er við risafyrirtæki erlendis á borð við Danish Crown og Arla
- Sem dæmi er innvegin mjólk á Íslandi um 150 milljónir lítrar en um 14 milljarðar lítra hjá ARLA
- Styðjum markmið þess að hagræða í íslenskum afurðageira svo lengi sem hagræðingin skili sér til neytenda og bænda.
- Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar verður að taka mið af reglum um starfsemi bænda og afurðastöðva, líkt og í nágrannalöndum okkar.



**14.000 millj. lítra**

**ARLA**



**150 millj. lítra**

**Mjólkursamsalan**



# Skyldur stjórnvalda

**Búvörulög**

**Búvörusamningar**

**Fæðuöryggisáætlun fyrir Ísland**

# MARKMIÐ BÚVÖRULAGA

- Innlend framleiðsla skal vera í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar.
- Ávallt skal tryggja nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.
- Kjör þeirra sem landbúnað stunda skulu vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta.



# SKYLDUR SAMKVÆMT BÚVÖRUSAMNINGUM

- Skyldurnar byggja á Búvörulögum.
- Bændur skuldbinda sig til að framleiða landbúnaðarafurðir.
- Bændur og ríkisvaldið skuldbinda sig til að stuðla að þróun atvinnugreinarinnar.
- Ríkisvaldinu ber að tryggja afkomu bænda.
- Ríkisvaldinu ber að tryggja starfsskilyrði í landbúnaði.



# MARKMIÐ FYRIR FÆÐUÖRYGGISÁÆTLUN

- Gera reglulegar úttektir á matvælabirgðum.
- Skilgreina lágmarksbirgðir á matvælum og aðföngum til matvælaframleiðslu.
- Gera viðbragðs- og neyðaráætlanir vegna matvælaskorts.
- Sjálfbærni og fjölbreytni matvæla sem framleidd eru hér á landi.
- Kortleggja og leggja mat á mikilvæg svæði vegna fæðuframleiðslu og vatnsöryggis.
- Huga að stefnumótun í landnýtingu til matvælaframleiðslu m.t.t. landkosta og ræktunarmöguleika.



# FJÁRMÁLAÁÆTLUN 2024-2028 ENDURSPEGLAR EKKI SKYLDUR STJÓRNVALDA

- Skv. búvörulögum.
- Skv. búvörusamningum.
- Skv. fæðuöryggisáætlun fyrir Ísland.
- Með tilliti til stjórnarsáttmála.
- Markmið um samdrátt í losun og aukna bindingu í landbúnaði.

*„Meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar er að efla og styðja við íslenskan landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.*

**Fjármálaáætlun 2024-2028 endurspeglar ekki þessi meginmarkmið.**





Tillögur að aðgerðum

# AÐGERÐIR

## 1. Beinn stuðningur

### 1a. Til að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar

Beinn stuðningur við innlenda framleiðslu þarf að tryggja afkomu bænda

### 1B. Til að ná markmiðum landbúnaðarstefnunnar

- Aukin framlög til uppbyggingar
- Nýsköpun og þróun til að auka útflutningsverðmæti
- Rannsókn og menntun
- Allar aðgerðir boðaðar í stefnunni þurfa að vera að fullu fjármagnaðar

## 2. Tollvernd

### 2a. Úkraína

Niðurfelling tolla hafi ekki neikvæð áhrif á verð og/eða framboð íslenskra landbúnaðarvara.

### 2b. WTO

Tryggt verði að tollverndin skili sínu markmiði. Uppfæra þarf magntolla/verðtolla (uppf. 1995)

### 2c. ESB tollkvótar

Tryggt verði að umfang þeirra verði endurskoðað.

### 2d. Eftirlit með tollframkvæmd

Raunverulegt og virkt eftirlit verði með framkvæmd tollverndar.

## 3. Starfsumhverfi

### 3a. Hagræðing í afurðageiranum

Styðjum markmið þess svo lengi sem hagræðingin skili sér til neytenda og bænda

### 3b. Einföldun regluverks

Nauðsynlegt að slík greining fari fram.

### 3c. Upprunamerking

- Tryggja aukinn stuðning við Íslenskt staðfest.
- Þurfum rg. um kröfur til merkinga á vörum unnum úr dýrum eða dýraafurðum á grundvelli sjónarmiða um velferð dýra.

### 3d. Hagtölusöfnun landbúnaðarins

Grundvallaratriði að komið verði á sameiginlegum hagtölugrunni um allt sem snýr að landbúnaði

### 3e. Tryggingamál

Unnið verði að leið C í skýrslu starfshóps ráðherra

# AÐGERÐARÁÆTLUN Í UMSÖGN BÆNDASAMTAKANNA

- Hagtölugrunnur
- Tryggingamál bænda
- Fjármögnunarpak búvörusamninga afnumið
- Einföldun regluverks
- Breytt verklag við innleiðingu Evrópureglugerða
- Skipulag og notkun landbúnaðarlands
- Lífrænn úrgangur og áburðarframleiðsla
- Upprunamerkingar lögbundnar
- Umhverfis- og loftlagsmál
- Rannsóknir, þróun, menntun, nýsköpun



**BÆNDASAMTÖK  
ÍSLANDS**

**Hér eru tenglar á umsagnir Bændasamtakanna:**

**LANDBÚNAÐARSTEFNA**

**MATVÆLASTEFNA**

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík



Búðardal, 17.04.2023

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu til ársins 2040

---

Vísað er til þingskjals 1430 – 914. mál. sem lagt var fram á Alþingi 28. mars 2023.

Dalabyggð vill byrja á að fagna framlagðri tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, enda er öflugur landbúnaður hagsmunamál allra landsmanna. Meginmarkmið stefnunnar er að hún leiði til þess að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Markmiðið er metnaðarfullt en jafnframt nákvæmlega það sem Ísland á að leggja sig fram um að uppfylla.


Í framtíðarsýn er komið inn á framleiðslu hágæða landbúnaðarafurða og fæðuöryggi. Sveitarfélagið Dalabyggð telur mikilvægt að launaliður bæði bænda og þeirra sem starfa við framleiðslu að öðru leyti, sé skoðaður um leið og horft sé til aðgerða til að lækka kostnað við aðföng. Hvorutveggja eru atriði sem styðja við að hægt sé að framleiða hágæða landbúnaðarafurðir þar sem hvorki er gefinn afsláttur af velferð dýra né manna. Þessu atriði þarf að koma skýrar á framfæri í lið 10 um fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

Einnig er komið inn á að beit og önnur landnýting eigi að taka mið af ástandi og getu vistkerfa. Dalabyggð vísar í umsögn sína frá 11. Nóvember 2021 vegna máls nr. 184/2021 um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Varhugavert er að færa svo mikið vald sem fylgir svo viðamikilli stjórnun í hendur einstakra ríkisstofnanna, í þessu tilfelli að öllum líkindum Landgræðslunnar. Einnig þurfa að liggja fyrir vísindaleg rök að baki þess að sett séu viðmið fyrir getu vistkerfa og vísar sveitarfélagið þar aftur til fyrrnefndrar umsagnar. Þessu atriði þarf að koma skýrar á framfæri í lið 4 um landnýtingu og varðveislu landbúnaðarlands.

Talað er um að ræktun, nýting lands og bætt landgæði eigi að styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og búsetu um land allt. Þarna er mikilvægt að horfa til þess að stuðningur ríkisins við landbúnað sé einmitt við nýtingu lands, ræktun og framleiðslu matvæla sem styður svo

sannarlega við fjölbreytta atvinnu. Stuðningur á ekki að vera við eignarhald hektara, heldur til nýtingar og/eða ræktunar til þess að hægt sé að fá eitthvað út úr téðum hekturum.

Þá segir að einn þáttur framtíðarsýnarinnar sé að landnotkun utan þéttbýlis feli í sér vernd góðs landbúnaðarlands og forgang búvöruframleiðslu á góðu ræktunarlandi. Það þurfa að liggja vísindaleg rök fyrir því hvað flokkast sem gott landbúnaðar- og ræktunarland þar sem forsendur eru ekki þær sömu eftir hvernig nýtingu þessa lands er eða gæti verið háttað. Dalabyggð veltir einnig fyrir sér hvernig landbúnaðarstefnan muni taka á forgangi búvöruframleiðslu þegar verð á landnæði er farið að keppa við verð á landi til kolefnisbindingar. Skv. gögnum frá Nýja-Sjálandi er verð á landi til kolefnisbindingar hærra en verð á landi til matvælaframleiðslu (*sjá mynd 1*) og það er landbúnaður og hin hefðbundna búvöruframleiðsla að fara keppa við. Í verðmyndun jarða á Íslandi er sambærileg þróun byrjuð að sjást.



Mynd 1 – Source: B+LNZ Economic Service & Insights

Fram kemur að tryggt verði að eðlileg nýliðun og kynslóðaskipti eigi sér stað í landbúnaði. Dalabyggð bendir á að ekki er til skilgreining á því hvað telst vera eðlileg nýliðun, slíkur

mælikvarði þarf að byggja á haldbærum gögnum og útreikningum. Mat sveitarfélagsins er einnig að til þess að nýliðun verði áfram í greininni yfir höfuð, þurfi að tryggja eðlilega afkomu þeirra sem stunda landbúnað. Landbúnaðarstefnan er einmitt eitt af verkfærunum sem stjórnvöld hafa til að ná því fram. Þannig má velta fyrir sér hvort tala eigi um að framleiðsla verði arðbær eða hvort leggja eigi áherslu á að þeir sem landbúnað stunda hafi eðlilega afkomu af því í takt við þá sem stunda aðrar atvinnugreinar á Íslandi.

Ef tryggja á að framleiðsluhættir verði ávallt þannig að heilsa, velferð og aðbúnaður dýra verði höfð að leiðarljósi þarf landbúnaðarstefnan að tryggja að sömu kröfur séu gerðar til matvæla og landbúnaðarafurða sem fluttar eru til landsins. Er það einn mikilvægasti þáttur þess að tryggja samkeppnishæfni. Verði settar stífari reglur á Íslandi heldur en almennt gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við, fellur það um sjálft sig að Ísland verði í fremstu röð ríkja í framleiðslu hágæða landbúnaðarafurða.

Loftslagsmál eru sögð ein af meginviðfangsefnum framtíðarsýnarinnar. Mikið hefur verið ritað um losun kolefnis frá landbúnaði vegna metanlosunar. Þegar kemur að matvælastefnu og landbúnaðarstefnu þarf að meta kolefnislosun frá landbúnaði almennt, út frá því hvernig losunarbókhaldið fyrir Ísland er fært og leggja aðrar aðferðir til hliðar. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða ákvarðanir um ráðstöfun opinberra fjármuna. Með því verður ávinningurinn mælanlegur, samanburðarhæfur á alþjóðvettvangi og aðgerðum beint þangað sem líklegast er að þær skili mestum árangri m.t.t. skuldbindinga Íslands.

Í meginviðfangsefnum er hringrásarhagkerfið einnig nefnt. Dalabyggð vill vitna í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við *Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland*, mál nr. 109/2021 og taka undir að nauðsynlegt sé að í endanlegri landbúnaðarstefnu og aðgerðaráætlun með henni verði tekið markvissara á úrgangsmálum. Má þar meðal annars nefna enn frekari nýtingu moltu í landbúnaði, endurvinnslu rúlluplasts sem og meðhöndlun og eyðingu dýraleifa. Þá verður samfella að vera í þeim úrræðum sem bjóðast við förgun úrgangs frá landbúnaði, þ.e. ekki hægt að banna eina aðferð á meðan önnur hefur ekki tekið við. Úrræðaleyfi má ekki vera eina úrræði bænda og er þar vísað til þess að farvegur fyrir dýrahæ er á ábyrgð hins



opinbera sbr. minnisblað um ráðstöfun dýraleifa sem unnið var fyrir Samtök sveitarfélag á Vesturlandi fyrr í vetur<sup>1</sup>

Neytendur eru einnig undir meginviðfangsefnum þar sem m.a. er talað um að mæta þörfum neytenda og styrkja gagnkvæmt traust. Sveitarfélagið vill koma á framfæri að upplýsingagjöf þyrfti einnig að ná til þess að neytendur séu upplýstir um hvað er að baki hverri framleiddri vöru. Oft má heyra umræðu um og gagnrýni á hátt verð íslenskra matvæla, á meðan það er ekki borið saman við hvað liggur að baki lægra verði innfluttra matvæla. Þ.e. ekki skoðað hvar afslátturinn kemur niður, svipað og þegar skoðað hvað er að baki ódýrum fatnaði (*fast fashion*).

Menntun, rannsóknir og þróun er eitt af meginviðfangsefnum stefnunnar. Dalabyggð fagnar áherslum á þessa þætti en tekur fram að ekki er nóg að hafa menntun sem nýttist í landbúnaði ef afkoma þeirra sem hann stunda er ekki tryggð. Réttlát og fullnægjandi afkoma er forsenda þess að fólk velji að starfa innan greinarinnar.


Í lokin er fyrirkomulag stuðnings við landbúnað listað upp sem eitt meginviðfangsefna. Talað er um að breyta áherslum í styrkjakerfi svo stutt verði við framleiðslu óháð framleiðslugrein ásamt því að aukin áhersla verði lögð á jarðrækt, aðra landnýtingu og landvörslu. Hér er um meiriháttar stefnubreytingu að ræða og ekki er að sjá að kostir hennar og gallar hafi verið metnir. Safna þarf gögnum um afkomu, framleiðslu og getu og byggja breytingar á formi stuðnings meðal annars á þeim. Fyrirsjáanleiki er mikilvægur þegar kemur að landbúnaði, upp á alla áætlanagerð, mat á öllum möguleikum og breytingum að gera. Sveitarfélagið bendir aftur á að styrkur eigi ekki að fást út á það eitt að eiga hektara af landi, tryggja þarf að stuðningur við landbúnað renni til þeirra sem atvinnu hafa af greininni og hafi fasta búsetu í þeim samfélögum þar sem landbúnaðurinn er stundaður.

Einnig er talað um að stuðningur eigi að skapa stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda framleiðslu. Áhugavert væri að sjá hvort tryggt sé, að það mæti matvælaöryggi ef allir ráða sjálfir hvað þeir framleiða. Skoða mætti hvort ekki sé hægt að styðja dyggilega við það sem vel má framleiða á Íslandi og þannig sjá til þess að sú vara sé framleidd innan lands og þannig draga úr losun kolefnis við flutning þeirra vara til landsins.

---

<sup>1</sup> <https://ssv.is/wp-content/uploads/2023/03/Minnisblad-dyraleifar-Environice-230310.pdf>

Landbúnaður á stóra hlutdeild í öðrum atvinnugreinum; bílstjórar sem hafa atvinnu af flutningi gripa, hráefna og matvæla, verkafólk við úrvinnslu hráefna, ferðapjónustan sem gerir út á menningu og íslenskan mat, veitingahús sem framreiða mat fyrir gesti sína, svo eitthvað sé nefnt. Landbúnaðarstefna Íslands til næstu ára þarf að hafa afkomu frumframleiðenda að leiðarljósi. Sé hún ekki tryggð þarf ekki að gera ráð fyrir því að fólk velji að festa sig í atvinnugreininni til framtíðar meðan til eru önnur störf (*sjá mynd 2*).



*Mynd 2 – Atvinnutekjur á mánuði eftir svæðum 2021*

Að lokum leggur Dalabyggð áherslu á að stefnan ásamt aðgerðaáætlun verði kostnaðarmetin að fullu og tryggt að þeim mælanlegu markmiðum sem sett eru fram, fylgi fjármunir til að framkvæmd stefnunnar gangi upp.

Björn Bjarki Þorsteinsson

*Sveitarsjóri Dalabyggðar*

Á fundi heimastjórnar á Djúpavogi 5. apríl 2023 var bókað eftirfarandi:

Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

Málsnúmer [202303246](#)Vakta málsnúmer

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

Heimastjórnin á Djúpavogi gerir ekki athugasemdir við stefnuna en leggur áherslu á að í kjölfar samþykktar hennar verði tímasett og fjármögnuð aðgerðaáætlun unnin án tafar.

Samþykkt samhjóða.

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. apríl 2023

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 , 914. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar um ofangreint mál, dags. 31. marz sl. FA vísar ennfremur til umsagnar sinnar um 915. mál, tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til 2040, þar sem tillögurnar skarast að ýmsu leyti.

### I. Almenn

FA fagnar því frumkvæði sem felst í samningu tillögunnar. Að mati félagsins eru gríðarleg sóknarfæri í íslenskum landbúnaði, en jafnframt ýmis tregðulögmál og fastheldni við úrelt kerfi sem standa bæði landbúnaðinum sjálfum fyrir þrifum og hafa neikvæð áhrif á starfsskilyrði annarra atvinnugreina sem stunda samstarf og viðskipti við landbúnaðinn, ekki sízt verzlunarinnar. FA telur því einkar jákvætt að horft sé til framtíðar og mið tekið af ýmsum alþjóðlegum stefnum og straumum, líkt og gert er í tillögunni.

Almennt talað telur FA mikilvægt að efla framtak og frumkvöðlastarf í landbúnaðinum, að hann sækir í sig veðrið í vöruþróun og markaðssókn, standi í vaxandi mæli á eigin fótum í samkeppni og lúti sömu almennu samkeppnisreglum og annað atvinnulíf í landinu.

FA sendi matvælaráðuneytinu athugasemdir við drög að tillögunni. Tekið hefur verið tillit til sumra þeirra og er það til bóta. Í öðrum tilvikum var ekki horft til athugasemda félagsins og eru þær því tíundaðar hér.

### II. Breytt styrkjakerfi

FA fagnar tillögum um breyttar áherzlu í styrkjakerfi landbúnaðarins (kafla 10 í tillögunni). Félagið hefði þó talið ástæðu til að orða það svo, eins og gert var í umræðuskjalinu „Ræktum Ísland“ sem tillagan byggist á, að stutt verði við *búsetu* í sveitum óháð því hvaða framleiðslugrein er stunduð en lögð aukin áherzla á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar og landvörzlu. Þrátt fyrir orðalagsbreytingar á 10. kafla frá þeim drögum matvælaráðuneytisins er FA gerði athugasemdir við, er það enn orðað svo að styðja skuli við *framleiðslu*. FA og margir aðrir hafa talið framleiðslutengdan stuðning markaðstruflandi og samkeppnishamlandi og telur félagið að hverfa ætti frá honum í skynsamlegum skrefum.

FA telur vanta upp á að skýrt sé að orði kveðið um að aukinn jarðræktarstuðningur, t.d. til útiræktunar á grænmeti, skili sér í því að tollvernd verði felld niður á viðkomandi afurðum. Ákvæði þess efnis að stefnt verði að slíku hafa verið í tveimur síðustu búvörusamningum stjórnvalda og grænmetisbænda, án þess að úr því hafi orðið. Ljóst er að á meðal grænmetisbænda er mikill vilji til þess að fara þá leið og væru beinir styrkir mun gegnsærri og minna markaðstruflandi en tollvernd á

grænmeti, sem gildir á fremur tilviljanakenndum tímabilum og veldur því oft og iðulega að háir tollar leggjast á t.d. innflutt grænmeti þótt engin innlend framleiðsla sé til. Að mati FA ætti almennt talað í auknum mæli að færa stuðning við landbúnaðinn úr tollvernd og yfir í beinar greiðslur, sem ekki eru framleiðslutengdar og markaðstruflandi.

### III. Samkeppnismál

FA geldur varhug við því sem gefið er í skyn í tillöggunni (kafla 6, lið 2) að landbúnaðurinn þurfi auknar undanþágur frá samkeppnislögum. Þvert á móti telur FA að afnema ætti undanþágu mjólkuriðnaðarins frá ákvæðum samkeppnislaga og stefna að því að landbúnaðurinn og úrvinnslugreinar hans starfi samkvæmt sömu reglum og annað atvinnulíf á Íslandi.

Undanþága mjólkuriðnaðarins hefur haft margvísleg neikvæð áhrif í för með sér. Taka má dæmi af því hvernig innlend matvælafyrirtæki, sem þurfa mjólkur- eða undanrennuduft í framleiðslu sína, eru ofurseld einum birgja, Mjólkursamsölunni, sem hefur algjöra einokunarstöðu á innlendum markaði fyrir sölu þeirra hráefna. Gífurlega háir tollar á þessum aðföngum útiloka alla erlenda samkeppni og undanþága mjólkuriðnaðarins frá samkeppnislögum þá innlendu.

Að mati FA er grundvallaratriðið hér að margvíslegir möguleikar eru á samstarfi framleiðenda búvöru og samstarfi eða jafnvel samruna afurðastöðva að óbreyttum samkeppnis- og búvörulögum. Samstarfið þarf bara að uppfylla skilyrði 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga, sem er svohljóðandi:

*„Bann skv. 10. og 12. gr. gildir ekki ef samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja:*

- a. stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veita neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. leggja ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. veita fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.“*

Árið 2020 varð sú breyting á samkeppnislögum að fyrirtæki geta sjálf metið hvort mögulegt samstarf þeirra uppfyllir skilyrði 15. greinarinnar og þurfa ekki að sækja sérstaklega um undanþágu, en Samkeppniseftirlitið getur áfram metið eftir á hvort skilyrði séu uppfyllt. Þannig er afurðastöðvum í raun ekkert að vanbúnaði að ganga til samstarfs, innan ramma laganna. Það að hagsmunahópar telji nauðsynlegt að löggjafinn veiti þeim undanþágur frá 10. og 12. gr. samkeppnislaganna sem ganga lengra en þessi núgildandi ákvæði, bendir til að þeir treysti sér ekki til að rökstyðja að samstarfið uppfylli þau skilyrði sem sett eru í lögnum, til dæmis um ávinning neytenda. Það bendir jafnframt sterklega til að engin ástæða sé til að láta undan þessum sérhagsmunaprýstingi.

Nýlegt dæmi er af því að samkeppnisyfírvöld hafi heimilað samruna fyrirtækja á búvörumarkaði, þ.e. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2021 sem heimilar samruna kjötafurðastöðvanna Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH afurða með skilyrðum, sem tryggja eiga hag bæði bændu og neytenda. Möguleikar til hagræðingar á þessum markaði, innan ramma núgildandi samkeppnislöggjafar, eru því augljóslega fyrir hendi.

Rétt er að rifja upp tillögur í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um mjólkurmarkaðinn frá 2015. Þrátt fyrir niðurstöðu skýrslunnar um hagræðingu í mjólkurframleiðslu töldu höfundar hennar

að inngrip hins opinbera, þar á meðal undanþágan frá samkeppnislögum, leiddu til hærra búvöruverðs en ella og að innflutningur og neyzla væru minni. Lagði Hagfræðistofnun m.a. til að samkeppnisundanþága mjólkurvinnslufyrirtækjanna yrði afnumin, tollar lækkaðir og opinber verðstýring á mjólkurvörum afnumin. Það eru tillögur sem FA getur miklu fremur tekið undir en útvíkkun á undanþágum frá samkeppnislögum til fleiri búgreina.

Þá saknar FA þess almennt talað að lögð sé ríkari áherzla á gildi frjálsrar samkeppni á markaði með búvörur í þágu annarra markmiða landbúnaðarstefnunnar, eins og vikið verður að hér að neðan. Orðalagsbreyting í 6. kafla, um að stuðla skuli að aukinni samkeppni á markaði með landbúnaðarvörur, er þó að mati félagsins til bóta frá þeim lítt skiljanlega texta sem var í drögum matvælaráðuneytisins.

#### IV. Fæðuöryggi

Eitt af meginmarkmiðum stefnunnar er að fæðuöryggi verði tryggt og fjallað er um leiðir til þess, s.s. aukna sjálfbærni á ýmsum sviðum. Þá er kveðið á um að aðgengi að heilnæmum mat verði óháð efnahag. Þetta er lykilþáttur í fæðuöryggi – að fólk hafi efni á matnum sem stendur til boða. Að mati FA vantar í þennan kafla stefnunnar umfjöllun um gildi samkeppninnar, jafnt á milli innlendra búvöruframleiðenda og samkeppni frá innfluttum búvörum, til að stuðla að lægra verðlagi og aukinni hagkvæmni í innlendri búvöruframleiðslu.

FA tekur hins vegar undir það sem segir í greinargerð tillögunnar, að fæðuöryggi kallar ekki á að Ísland verði algerlega sjálfu sér nægt um matvæli, enda væri slíkt markmið í fyrsta lagi allsendis óraunhæft og í öðru lagi myndi slík stefna leiða af sér gífurlega óhagkvæmni og sóun. FA undirstrikar mikilvægi alþjóðlegra samninga um fríverzlun með búvörur og greiðan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum í því verkefni að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar.

Rétt er að minna á að Ísland er matvælaútflutningsland og hefur mikla hagsmuni af opnum og frjálsum mörkuðum fyrir bæði sjávarafurðir og landbúnaðarvörur. Tilhneigingar til verndarstefnu í þágu fæðuöryggis kunna að koma Íslandi í koll ef markaðslönd íslenskra útflytjenda ákveða að beita sömu meðulum.

#### V. Loftslagsmál

FA styður það sem segir í 2. kafla tillögunnar um að hvati verði skapaður innan stuðningskerfis landbúnaðarins til að auðvelda bændum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu í gróðri og jarðvegi. Meirihluti losunar Íslands á slíkum lofttegundum er vegna landnýtingar og breytingar á henni eru því algjört lykilatriði ef Ísland á að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Með öflugum stuðningi við starf bænda í þeirri baráttu er hægt að skapa þeim nýjan og mikilvægan tekjugrundvöll.

Félagið varar hins vegar við hugmyndum sem settar hafa verið fram, m.a. af hálfu Bændasamtaka Íslands, um að á meðan íslenskur landbúnaður sé að vinna að því að ná kolefnishlutleysi, verði að „tryggja samkeppnishæfni í framleiðslu“ með því að stöðva innflutning á vörum sem ekki séu gerðar sömu kröfur til út frá umhverfissjónarmiðum og til íslenskra búvara.

Umhverfis- og loftslagsvæn framleiðsla hefur samkeppnisforskot, sem mun aukast eftir því sem vitund neytenda um mikilvægi slíkra framleiðsluhátta eykst. FA tekur undir að bæta eigi aðgang

neytenda að upplýsingum um kolefnisspor vöru, en leggur áherzlu á að þannig nýtast kostir samkeppninnar sem hvati íslenzks landbúnaðar til að gera betur. Kolefnisspor margra íslenzkra búvara er nefnilega gríðarlega hátt miðað við innflutta samkeppnisvöru, ekki sízt vegna kolefnislosunar vegna landnýtingar (framræslu votlendis, beitarálags o.s.frv.). Frjáls innflutningur stuðlar að því að veita landbúnaðinum aðhald í þessum efnum eins og fleirum.

## VI. Neytendamál

FA er sammála því sem segir í tillögunni (7. kafla) um að bæta þurfi upplýsingar til neytenda um uppruna, innihald og kolefnisspor búvara en vekur athygli á því að leiðirnar til þess mega ekki leiða til þyngjandi og kostnaðarsams regluverks um vörumerkingar. FA ítrekar það, sem félagið hefur margoft áður vakið athygli á, að leiðirnar til að miðla slíkum upplýsingum í nútímasamfélagi eru fremur rafrænar en að meiri upplýsingum sé troðið á umbúðir matvöru. Vísast um það efni nánar til umsagnar félagsins um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu.

FA telur að einnig hér vanti samkeppnisvinkil í stefnuna. Skilvirkasta leiðin til að tryggja að brugðizt sé við þörfum og óskum neytenda er að tryggja að raunveruleg samkeppni ríki á búvörumarkaði. Margt af þeirri vöruþróun sem átt hefur sér stað í íslenzkum landbúnaði undanfarin ár er fyrst og fremst aukinni samkeppni frá innfluttum búvörum að þakka. Áfram á að greiða fyrir frjálsari viðskiptum og virkri samkeppni en forðast að leggja á viðskipta- og samkeppnishömlur.

## VII. Hagkvæmni í landbúnaðinum

FA fagnar því sem sagt er í þingskjalinu um hagnýtingu tækniframfara í landbúnaðinum (8. kafli). Að mati félagsins mætti þó kveða skýrar að orði um að tækniframfarir verði nýttar til að stuðla að aukinni hagkvæmni – og sú hagkvæmni skili sér til neytenda. FA vekur þannig athygli á því að mikil kostnaðarlækkun og framleiðniaukning hefur þegar átt sér stað í mjólkurframleiðslu undanfarin ár með tækniframförum, þ.e. sjálfvirknivæðingu og kynbótum, án þess að þær tölur hafi ratað inn í þann verðlagsgrundvöll kúabús, sem verðlagsnefnd búvara miðar við er hún tekur ákvarðanir um heildsöluverð tiltekinna mjólkurvara. Mikilvægt er að hagnýting tækninnar skili sér alla leið til neytandans.

Félagið sýnir skilning á sjónarmiðum í tillögunni um vernd tegunda og erfðaaudlinda í þágu líffræðilegrar fjölbreytni (3. kafli), en minnir á að slík stefna má ekki standa í vegi fyrir því að bændur rækti gripi sem gefa meira af sér, í þágu hagkvæmni og framleiðni. FA minnir sömuleiðis á að sé t.d. ekki eftirspurn eftir afurðum fleiri en u.þ.b. 400 þúsund sauðkinda í landinu er engin ástæða til að rækta fleiri í þágu líffræðilegrar fjölbreytni.

## VIII. Tollamál og alþjóðaviðskipti

FA fagnar þeim orðalagsbreytingum sem orðið hafa frá drögum matvælaráðuneytisins að 6. kafla tillögunnar; um að stuðlað verði að auknum ábata neytenda og aukinni samkeppni á búvörumarkaði, jafnframt því sem gætt verði að hagsmunum og rekstrarskilyrðum innlendra framleiðenda.

FA saknar þess þó að fjallað sé um fyrirkomulag tollverndar í stefnunni, til að mynda þar sem fjallað er um hagsmuni neytenda. Eins og félagið hefur ítrekað bent á, vinnur fyrirkomulag úthlutunar tollkvóta fyrir búvörur gegn hagsmunum verzlunar og neytenda. Það kerfi að bjóða upp kvótana leiðir til þess að útboðsgjald, sem innflytjendur greiða fyrir að fá að flytja þá inn, hækkar sífellt og

leitar jafnvægis rétt undir tölu sem samsvarar fullum innflutningstolli á vörum – og er þá hagur verzlunarinnar og neytenda af tollfrjálsum innflutningi rokinn út í veður og vind. Markmiðin með með breytingu Alþingis á útboðskerfi tollkvóta árið 2019, að lækka kostnað innflytjenda og neytenda, eru að engu orðin eins og FA hefur ítrekað bent á. Það hefur hraðað þessari þróun að innlendir framleiðendur búvara ástunda að bjóða hátt í tollkvóta, ná þannig stórum hluta hans til sín, hindra samkeppni við sjálfa sig og stýra verðinu á viðkomandi vörum. Að mati FA er ótækt annað, þegar mörkuð er stefna um starfsumhverfi landbúnaðarins, en að taka afstöðu til fyrirkomulags uppboðs á tollkvóta.

FA bendir jafnframt á fáránleika þess að háir tollar séu lagðir á ýmsar vörur, sem eru ekki framleiddar á Íslandi eða þá í mjög litlum mæli. Enn er t.d. lagður 46% tollur á franskar kartöflur, þótt engin innlend framleiðsla sé lengur fyrir hendi til að vernda. Fjármála- og matvælaráðuneyti hafa um langt skeið haft til skoðunar tillögur FA um lækkingu tolla á ýmsum tegundum blóma, sem ýmist eru alls ekki ræktaðar á Íslandi eða eru mjög langt frá því að anna eftirspurn. Hvaða samkeppnisstöðu er verið að tryggja með því að leggja háa tolla á vörur sem eru ýmist ekki framleiddar á Íslandi eða fást ekki stóran hluta úr ári?

#### **IX. Bændur eru sjálfstæðir atvinnurekendur**

FA fagnar markmiðum stefnunnar um að landbúnaðurinn hafi aðlögunarhæfni til að mæta þörfum neytenda og að bein tengsl milli framleiðenda og neytenda styrki gagnkvæmt traust (7. kafli). FA saknar þó áherzlu á samstarf og sameiginlega hagsmuni bænda og verzlunar, en hvorug greinin getur án hinnar verið. Það er í sjálfu sér umhugsunarefni að stefnumótun í þessum málaflokki fari ekki fram í samtali á milli þessara greina.

FA tekur undir að landbúnaðurinn eigi að vera „framsækinn og spennandi starfsvettvangur“ (9. kafli) en finnst að gjarnan mætti leggja meiri áherzlu á það í stefnunni að bændur séu frumkvöðlar sem nýta sér krafta samkeppni á frjálsum markaði til að skapa sér og sínum góða lífsafkomu og framtíð. Í mótun landbúnaðarstefnu til framtíðar er lykilatriði að valdefla hinn íslenska bónda sem sjálfstæðan atvinnurekanda og þátttakanda á markaði, sem vonandi er sem frjálsastur, til að skapa bændum sem ríkasta möguleika.

#### **X. Að lokum**

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent rafrænt á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Húnaþingi vestra, 11. apríl 2023  
Mál nr. 2304002

### Umsögn tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu, mál nr. 914.

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn Húnaþings vestra um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál. Byggðarráð Húnaþings vestra fjallaði um málið og bókaði svohljóðandi á 1137. fundi sínum þann 11. apríl 2023.

**2304002 Tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál. Umsagnarfrestur til 17. apríl 2023.** Byggðarráð ítrekar umsögn sveitarstjórnar sem veitt var þegar málið var birt á Samráðsgátt stjórnvalda:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur heilshugar undir umsögn sveitarfélagsins Skagafjarðar um málið þar sem segir: „Byggðarráð Skagafjarðar fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 og leggur áherslu á að staðinn sé vörður um innlenda búvöruframleiðslu, mikilvægi hennar er óumdeilt. Í tillögunni koma fram mörg mikilvæg og góð markmið sem öll lúta meira og minna í þá átt að efla enn frekar innlenda framleiðslu landbúnaðarvara en um leið að það verði gert á sem umhverfissvænastan hátt með bæði hagsmuni neytenda, dýra og framleiðenda að leiðarjóni. Byggðarráð vill minna á að í heiminum er hörð samkeppni um framleiðslu á matvælum. Jafnframt er hið alþjóðlega regluverk flókið samhliða þeirri staðreynd að framleiðsluskilyrði, umhverfi og regluverk í löndum eru mismunandi. Til að stefna sem þessi nái markmiðum sínum verður tvennt að gerast. Annars vegar er nauðsynlegt að fyrir liggi samþykkt og fjármögnuð aðgerðaáætlun um hvernig stjórnvöld ætli að ná settum markmiðum í landbúnaðaráætluninni. Hitt sem einnig er mikilvægt er að stjórnvöld hverju sinni hafi kjark til að taka mið af íslenskum aðstæðum við setningu laga og reglugerða þannig að innlend framleiðsla líði ekki fyrir legu landsins, vegalengdir og þær litlu framleiðslueiningar sem hér eru í samanburði við öll okkar helstu nágrannalönd. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að stjórnvöld vandi sig betur en gert hefur verið þegar lög og reglugerðir erlendis frá eru innleidd fyrir íslenskar aðstæður en þá virðist oft skorta að horft sé til íslenskra staðhátta. Það að framleiða heilbrigðar og góðar landbúnaðarvörur með jafn heilbrigðum framleiðsluaðferðum og hér eru notaðar, og stefnt er að gera ennþá betri, kostar líka bæði rannsóknir og vinnu sem verður að fjármagna af hálfu hins opinbera. Byggðarráð styður einnig aukna aðkomu hins opinbera að aukinni framleiðslu korns, grænmetis og fleiri vöruflokka sem ekki hafa hlotið tilhlýðilegan stuðning til jafns við það sem gert er erlendis. Það er mikilvægt að efla þessa framleiðslu en það má ekki gerast á kostnað þeirra greina sem fyrir eru í framleiðslu búvara en standa þarf vörð um grundvöll þeirra. Gerum Ísland sjálfbært í sem allra flestum vöruflokkum.“

Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur jafnframt höfuðáherslu á að gætt verði að varðveislu landbúnaðarlands. Í því felst meðal annar að skýrt verði hverjar skyldur landeigenda eru sem og að allra leiða verði leitað til að tryggja búsetu á vænlegum landbúnaðarjörðum og eins og fram kemur í stefnunni að búvöruframleiðsla hafi forgang á góðu ræktunarlandi. Einnig er brýnt að huga vel að skiptingu í ræktunar- og beitiland annars vegar og skógrækt hins vegar. Í samhengi við þetta er ítrekað að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt í hvívetna.

Þegar fjallað er um alþjóðleg markaðsmál og tollastefnu sem tryggi stöðu innlendrar landbúnaðarframleiðslu er afar brýnt að tryggt verði að sömu kröfur séu gerðar til erlendrar og innlendrar framleiðslu. Á það við um alla þætti framleiðslunnar, aðbúnað dýra, kröfur við vinnslu matvælnanna sem og merkinga á umbúðum. Ef ekki eru gerðar sömu kröfur til erlendrar og innlendrar framleiðslu mun landbúnaðarstefnan ekki ná fram að ganga.

Sömuleiðis er það eindregin krafa landbúnaðarsveitarfélaga að upprunamerkingar matvæla verði tryggðar með skýrum hætti með aðkomu og samstarfi við afurðastöðvar.

Brýnt er að land haldist í byggð og því þarf að gæta að því að fyrirkomulag stuðnings við landbúnað taki mið af byggðasjónarmiðum. Aðeins þannig verður unnt að tryggja byggðafestu og byggð í hinum dreifðari byggðum landsins.

Í tengslum við áherslu á sjálfbærni og minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda, takmörkun neikvæðra áhrifa á vistkerfi, líffræðilega fjölbreytni og eflingu hringrásarhagkerfis vill sveitarstjórn Húnaþings vestra leggja ríka áherslu á að í aðgerðum til að ná fram þessum mikilvægu markmiðum verði miðað við íslenskar aðstæður. Svo sem við útreikninga á kolefnisspori.

Að síðustu leggur sveitarstjórn Húnaþings vestra áherslu á að framkvæmdaáætlun sú sem vinna á í framhaldi samþykktar stefnunnar verði unnin í ríku samráði við framleiðendur og landbúnaðarsveitarfélög. Einnig er brýnt að fjármagn fylgi þeim aðgerðum sem skilgreindar verða. Aðeins þannig munu markmið stefnunnar ná fram að ganga.

Auk ofangreinds er vísað til atriða í umsögn sveitarfélagsins um drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu, mál nr. 915, sem í meginatriðum er samhljóða ofangreindri umsögn.

Byggðarráð Húnaþings vestra áskilur sér rétt til umsagna um málið á síðari stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við nefndina sé þess óskað.

F.h. Húnaþings vestra



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,  
sveitarstjóri.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. apríl 2023

## Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu, 914. mál

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að ríkið skapi góðar aðstæður fyrir íslenskan landbúnað til þess að bæta og efla fæðu- og matvælaöryggi, draga úr þörf fyrir innflutning matvæla, styrkja búsetu í landinu og síðast ekki síst til að tryggja sjálfbæra landnýtingu. Mikilvægt er að hætta innflutningi á dýrafóðri sem er unnið með eyðingu regnskóga. Styrkir til landbúnaðar eiga að styðja við umhverfismarkmið og sjálfbærni, þannig má styrkja bændur sem stunda umhverfisvænan búskap og rækta landið, fremur en að veita framleiðslustyrki fyrir dýraprótein. Ennfremur er mikilvægt að leggja áherslu á sjálfbæra grænmetisræktun, sem styður við fæðuöryggi og bætir umhverfi og heilsu. Nýleg drög að samnorrænum ráðleggingum um matarræði taka með greinargóðum hætti á þessum tengslum á milli fæðu, umhverfis og heilsu<sup>1</sup>. Ríkið hefur ekki rækt hlutverk sitt sem eftirlitsaðili með því að landnýting sem það greiðir fyrir sé sjálfbær<sup>2</sup>.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og þau drög sem birt voru í samráðsgátt fyrir á árinu sem og stefnuna Ræktum Ísland! sem fv. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lét gera árið 2021 og sendi stjórnin inn umsögn um hana<sup>3</sup>. Sú tillaga sem hér eru til umfjöllunar eru umtalsvert betri grunnur en „Ræktum Ísland“. Breytingarnar sem hafa verið gerðar á framtíðarsýn frá drögum í samráðsgátt eru almennt til bóta.

Mikil tækifæri eru í landbúnaði til þess að gera betur og íslenska ríkið sem helsti fjármögnunaraðili landbúnaðarkerfisins ætti að gera skýrar kröfur í stefnumörkun til að allur landbúnaður sé sjálfbær og stundaður með samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og náttúruvernd í fyrsta sæti jafnframt fæðuöryggi og hollustu fæðu.

### Framtíðarsýn

---

<sup>1</sup> Sjá [www.norden.org](http://www.norden.org): "I den kommende udgave har NNR-komiteén ikke bare set nærmere på sundhedseffekterne af den mad, som vi spiser, men for første gang også inkluderet madens indvirkning på miljø og klima, hvilket har vakt stor interesse både i og uden for Norden."

<sup>2</sup> <https://eldri.landvernd.is/sidur/abending-um-gaedastyringu-saudfjarraektar>  
<https://landvernd.is/umsogn-landverndar-um-radstofun-almannafjar-vid-gaedastyringu-i-saudfjarraekt-32-mal/>  
[http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit\\_lbhi\\_nr\\_118.pdf](http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rit_lbhi_nr_118.pdf)

<sup>3</sup> [https://samradsgatt.island.is/Skrar/\\$Cases/GetAdviceFile/?id=01776529-31be-eb11-9ba2-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/Skrar/$Cases/GetAdviceFile/?id=01776529-31be-eb11-9ba2-005056bcce7e)

Mjög jákvæðar breytingar hafa verið gerðar á liðum b og d í framtíðarsýn. Í lið b er fallið frá því veika orðalagi að „landbúnaður byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda“ og tekið af skarið með að nýtingin skuli ávallt vera sjálfbær. Í lið d er komin fram krafa um að samdráttur verði að eiga sér stað í losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði. Stjórn Landverndar fagnar þessum breytingum mjög og telur þær til mikilla bóta. Því miður er áfram um veikt orðalag að ræða í lið f sem varðar beitarstýringu þar sem segir „Beit og önnur landnýting taki mið af ástandi og getu vistkerfa og verði stjórnað í samræmi við

viðmið um sjálfbærni.“ Stjórn Landverndar lagði til í sinni umsögn að þessi liður hljóðaði svo: „Beit og önnur landnýting sé sjálfbær, og ástand og geta vistkerfa ráði beitarfyrirkomulagi og að og öflugri og sjálfbærri beitarstýringu verði komið á“ og ítrekar hér með þá tillögu. Stjórn Landverndar lagði einnig til að inn í lið k yrði bætt skilyrði um að framleiðsla gangi ekki á náttúruauðlindir og að í lið o yrði bætt við að ákvarðanir taki einnig mið af hag heildarinnar í umhverfislegu tilliti. Þessar tillögur eru ítrekaðar hér.

### Um meginviðfangsefni

Landvernd vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við nokkur af megin viðfangsefnum stefnunnar.

#### *Meginviðfangsefni 2 – Loftslagsmál*

Ekki hafa verið gerðar neinar breytingar á meginviðfangsefni tvö á milli draga í samráðsgátt og þessarar tillögu til þingsályktunar. Stjórn Landverndar ítrekar því umsögn sína um þennan þátt.

Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum frá 2020 eru ekki gerðar neinar kröfur um samdrátt í losun frá landbúnaði sem er þó þriðji stærsti þáttur losunar á beinni ábyrgð Íslands. Gera verður skýrar kröfur á landbúnaðinn um samdrátt í losun og það verður helst gert með fækkun jórturdýra. Í gegnum styrkjakerfi í landbúnaði er megináhersla á framleiðslu dýraafurða og nauðsynlegt er að breyta því þannig að hlutur grænmetisframleiðslu aukist verulega en samdráttur verði í kjötframleiðslu. Þetta samrýmist norræni ráðgjöf um heilsusmlegt matarræði. Athyglivert er að í skýrslu KPMG frá 2020<sup>4</sup> kemur fram að kjötframleiðsla á Íslandi hefur næstum tvöfaldast (32,5 tonn 2018 vs. 17,2 1996) hefur ræktun innlends grænmetis dregist saman um rúmlega þúsund tonn (er 2018 11.667 tonn). Á sama tíma hefur innflutningur á grænmeti þrefaldast. Þetta er verulegt áhyggjuefni og augljóst að hægt er að hagnýta þessa miklu eftirspurn fyrir innlenda framleiðendur. Þetta sýnir kolranga forgangsroðun ríkisins í landbúnaðarstyrkjum þar sem óumhverfisvænni framleiðsla er hampað á kostnað þeirra umhverfisvænni. Innlend grænmetisframleiðsla skapar störf og verðmæti og þarfnast stuðnings frá ríki eins og annar landbúnaður.

---

<sup>4</sup>KPMG, 2019. Íslenskur landbúnaður 2040 Sviðsmyndir um mögulega framtíð landbúnaðar á Íslandi. Reykjavík. 2019. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/KPMG-Svi%C3%B0smyndir%20landb%C3%BAna%C3%B0ar%20til%202040\\_%C3%BAtg%C3%A1fa%20fyrir%20stafr%C3%A6na%20birtingu.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Landbunadur/KPMG-Svi%C3%B0smyndir%20landb%C3%BAna%C3%B0ar%20til%202040_%C3%BAtg%C3%A1fa%20fyrir%20stafr%C3%A6na%20birtingu.pdf)

Í þennan kafla vantar því afgerandi orðalag um að landbúnaður dragi verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda til 2040. Endurheimt votlendis skiptir þar afgerandi máli. Mörg undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að endurheimta votlendi, til að draga úr losun og til að auka líffræðilega fjölbreytni. Sú viðleitni hefur ekki skilað nægum árangir. Það er borðleggjandi að grípa þarf til rótækari aðgerða. Það hlýtur því að vera komið að því að setja losunargjald á losun frá framræstu votlendi sem ekki er nýtt til matvælaframleiðslu eins og megnunarbótareglan kveður á um.

#### *Meginviðfangsefni 3 og 4 – ljfræðileg fjölbreytni.*

Sama gildir um meginviðfangsefni 3 og 4 og ítrekar stjórn Landverndar því fyrri athugasemdir sínar við þessi meginviðfangsefni. Undantekning er liður 4.3 en þær breytingar sem þar hafa verið gerðar eru ekki til bóta og leggur stjórnin því til að horfið verði aftur til þess orðalags sem var notað í þessum lið í drögum að þingsályktunartillögu. Nauðsyn er að tiltaka sérstaklega vernd jarðminja.

Í fyrri umsögnum hefur komið skýrt fram að Landvernd er sammála því að útvíkka skilgreiningu hugtaksins landbúnaður þannig að það geti líka falið í sér að vera gæslumenn landsins og sinna þannig endurheimt vistkerfa og náttúruvernd. Bændur búa yfir þekkingu og verkunnáttu sem getur nýst vel í þessum tilgangi. Þetta þarf að endurspeglast í hlutum 3 og 4.

Nauðsynlegt er að ávarpa sérstaklega notkun ágengra tegunda sem ógn við líffræðilegra fjölbreytni.

Umfjöllun um meginviðfangsefni 3 þarf því að vera mun ítarlegra og meira afgerandi og ætti að fela í sér alla náttúruvernd, sérstaklega því að landbúnaður breytist þannig að endurheimt vistkerfa sé í forgrunni, beit á illa förnum svæðum verði stöðvuð og kerfi sem gerir bændum bæði kleift og skylt að endurheimta votlendi sem ekki er notað til framleiðslu á matvælum

Stjórn Landverndar fagnar sérstaklega meginviðfangsefni 4.1. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu kom í samráðsgátt í lok árs 2021 en hefur enn ekki verið gefin út. Landvernd minnir á umsögn samtakanna um hana sem og þá skilgreiningu sem samtökin lögðu þá til á sjálfbærri landnýtingu. „*Sjálfbær landnýting: Landnýting sem er þannig að ekki er gengið á auðlindir lands og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa helst og þau endurheimt*“. Þó mjög margt sé nú vel gert þegar kemur að nýtingu landsins í landbúnaði er ljóst að landnýting er á mörgum stöðum langt frá því að vera sjálfbær.

Undirmarkmið fyrir meginviðfangsefni 4 þar sem talað er um endurheimt vistkerfa vantar alveg.

#### *Meginviðmið 5*

Stjórn Landverndar fagnar áherslu á hringrásarhagkerfið og minnir á að fullunnar vörur eru mun verðmætari. Hér telur Landvernd að bæta verði við undirmarkmiði sem fjallar um skýrar reglur um urðun en dýrahæ eru í dag urðuð í stórum stíl þrátt fyrir að það sé bannað<sup>5</sup>.

---

<sup>5</sup> [Urðun og úrgangsmál og búðahnupl fyrir sex milljarða | Kveikur \(ruv.is\)](#)

### *Meginviðmið 10*

Stjórn Landverndar fagnar sérstaklega undirviðmiði 10.2. sem fjallar um breytingar á styrkjakerfi landbúnaðarins en telur að þær breytingar sem gerðar voru frá drögum í samráðsgátt séu slæmar og leggur til að horfið verði aftur til orðalags sem notað var í drögum í samráðsgátt.

Að mati samtakanna er þetta lykilþáttur í því að landbúnaður geti þróast í átt að sjálfbærni, óskum neytenda og ráðleggingar landlæknis um matarræði. Gæta verður þó að því að öll framleiðsla og landnýting sé sjálfbær.

### **Lokaorð**

Stjórn Landverndar telur að þingsályktunartillaga um landbúnaðarstefnu til 2040 sé almennt góð og að góðar breytingar hafi verið gerðar á framtíðarsýn en að það skorti á skýrara og ákveðnara orðalag þegar kemur að umhverfisáhrifum landbúnaðarins, sérstaklega í loftlagsmálum og landnýtingu.

*Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri



Egilsstaðir 11. apríl 2023

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Nefnda- og greiningarsvið

## Umsagnir heimastjórna í Múlaþingi við tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

### Á fundi heimastjórnar Borgarfjarðar eystra, 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

*Heimastjórn Borgarfjarðar gerir athugasemd varðandi innihald kaflans um stuðning við landbúnað (liðir 10.1. - 10.4). Þar saknar heimastjórn áherslna á að fyrirkomulag stuðnings taki mið af því að halda öllu landinu í byggð. Starfsmanni heimastjórnar falið að koma ofangreindu á framfæri við nefndarsvið Alþingis.*

### Á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir liggur til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040. Samkvæmt drögunum er meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar að efla og styðja við íslenskan landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sett er fram framtíðarsýn í 15 liðum og meginviðfangsefni flokkuð í 10 liðum.

*Heimastjórn Fljótsdalshéraðs telur jákvætt og fagnar því að til standi að setja landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Heimastjórnin tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig telur heimastjórn Fljótsdalshéraðs mikilvægt að aðgerðaáætlun styðji við stefnuna þannig að rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi geri starfsaðstæður og starfskjör þeirra sem starfa í landbúnaði sambærileg og samkeppnishæf við það sem almennt gerist á vinnumarkaði á Íslandi. Þá leggur heimastjórn áherslu á að brýnt sé að aðgerðaáætlun styðji við að sem fyrst komi til framkvæmda leiðir til að styðja við kynslóðaskipti og nýliðun í landbúnaði. Liður í því gæti verið að koma á búsetuskyldu á lögbýlum vegna uppkaupa og jarðasöfnunar aðila.*

### Á fundi heimastjórnar Djúpavogs 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

*Heimastjórnin á Djúpavogi gerir ekki athugasemdir við stefnuna en leggur áherslu á að í kjölfar samþykktar hennar verði tímasett og fjármögnuð aðgerðaáætlun unnin án tafar.*

### Á fundi heimastjórnar Seyðisfjarðar 5. apríl 2023 var eftirfarandi umsögn gerð:

Múlaþing  
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is



Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

Virðingarfyllst,

Óðinn Gunnar Óðinsson  
skrifstofustjóri Múlaþings



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefndar  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. apríl 2023  
Málsnúmer: 202303-0071  
SS

## Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040

Vísað er í tölvubréf frá Nefndasviði Alþingis, dags. 31. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um drög að þingsályktunartillögunni í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. febrúar síðastliðinn. Efnisatriði þeirrar umsagnar eiga að stærstum hluta enn við, þótt brugðist hafi verið við nokkrum ábendingum Náttúrufræðistofnunar með breytingum á texta tillögunnar. Eftirfarandi umsögn er því að mestu leyti sú sama og veitt var um drögin:

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Landbúnaður er atvinnugrein sem getur haft veruleg og víðfeðm áhrif á umhverfi og náttúru. Það er einkum vegna þess grunneiginleika greinarinnar að þurfa alla jafna að nota mikið landrými, t.d. fyrir ræktun eða sem beitarihaga fyrir búfénað. Yfirleitt felur sú landnotkun í sér umbreytingu á því náttúrulega landi sem fyrir er, stundum með óæskilegum áhrifum á lífríki og landslag. Hvernig umfang og eðli þessarar landnotkunar er skipulagt og framkvæmt skiptir því höfuðmáli þegar kemur að því að minnka möguleg neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru. Ýmsir aðrir þættir í landbúnaði geta einnig haft mikil umhverfisáhrif t.d. efnanotkun, úrgangsmál, losun gróðurhúsalofttegunda, vatnsnotkun, val á tegundum til ræktunar o.fl.

Það er því afar jákvætt að mati Náttúrufræðistofnunar að í drögum að landbúnaðarstefnu kveður við nokkuð nýjan tón þar sem lögð er umtalsverð áhersla á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af landbúnaði og að sjálfbærni atvinnugreinarinnar sé sett í öndvegi. Sérstaklega er jákvætt að



fjallað er skilmerkilega um líffræðilega fjölbreytni bæði í umfjöllun um markmið og viðfangsefni, og að skipulag og framkvæmd landbúnaðar þurfi ekki einungis að taka tillit til áhrifa á líffræðilega fjölbreytni heldur einnig stuðla markvisst að því að vernda og efla hana. Einnig að taka eigi mið af ástandi og getu vistkerfa við ákvarðanatöku til að tryggja sjálfbærni landbúnaðarins.

Mikilvægt er að við framfylgd stefnunnar sé lagt mat á hversu mikil þörf sé fyrir að brjóta undir nýtt land fyrir landbúnað – bæði fyrir ræktun af ýmsum toga sem og fyrir beitarland. Nauðsynlegt er að niðurstaða þess mats og ákvarðanatoka sem fylgir í kjölfarið sé samræmd við markmið og áherslur um verndun landssvæða í þágu náttúruverndar sem og markmið og áætlanir um endurheimt raskaðra svæða bæði á þurrlendi og votlendi. Ólíkar gerðir af landbúnaði kalla á mismunandi þörf fyrir land, bæði hvað varðar umfang og eiginleika. Sjálfbær landbúnaður verður að fela í sér markmið um að fullnýta hvern landskika á vistvænan hátt eins og hægt er, mögulega fyrir fjölbreytta ræktun ef við á, og alltaf að reyna að minnka þörfina á frekari landnotkun.

Markmið um kolefnisbindingu verður að skoða í samhengi við markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Ekki má einblína á leiðir sem geta mögulega falið í sér neikvæðar afleiðingar fyrir líffræðilega fjölbreytni, á Íslandi sem og annars staðar. Ræktun t.d. skóga í þágu kolefnisbindingar verður að skoða í samhengi við þær breytingar sem verða á líffræðilegri fjölbreytni svæða. Sum svæði eru viðkvæmari fyrir slíkum breytingum en önnur og verndargildi þeirra getur rýrnað. Þetta þarf að meta vandlega. Aðgerðir í orkuskiptum þarf sömuleiðis að rýna með tilliti til áhrifa á líffræðilega fjölbreytni – bæði orkunýtingaráform héraðs en einnig tæknilausnir og alþjóðlegt vistspor þeirra. Náttúrumiðaðar lausnir sem fela í sér ágóða fyrir vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni ættu að vera í öndvegi þegar kemur að vali á loftlagsaðgerðum – bæði bindingar- og aðlögunaraðgerðum.

Skoða þarf mjög vandlega hvaða leiðir eru bestar til að landnotkun í landbúnaði geti tryggt verndun og endurheimt viðkvæmra og mikilvægra tegunda og vistkerfa. Fordast verður að togstreita myndist milli hagsmuna landbúnaðar og náttúruverndar. Héraðs eru dæmi um slíka togstreitu í tengslum við verndun votlendis en framræsla votlendis hefur einkum verið

framkvæmd í nafni landbúnaðar og stundum er verndun eða endurheimt votlendis talin hamla tækifærum í landbúnaði. Bændur eru oft eigendur að stórum landsvæðum, sem ekki er allt notað í landbúnað og eru því lykilaðilar þegar kemur að skipulagi og framkvæmd verndar og endurheimtarverkefna, sérstaklega á láglandi. Þess vegna er mikilvægt við framkvæmd og skipulag landbúnaðarstefnu að unnið sé að því að verndun og endurheimt votlendis geti farið fram og að komið sé í veg fyrir mögulega togstreitu. Horfa má á ýmsar leiðir í þeim efnum, t.d. með því að innleiða betur áherslur um náttúruvernd og endurheimt inn í styrkjakerfi og við gerð skipulagsáætlana alls lands, einnig þess sem ekki er ætlað til landbúnaðar. Þá er mikilvægt að benda á fjölbreytt hlutverk votlendis við vatnsmiðlun- og –hreinsun og sem uppruni mikilvægra næringarefna t.d. í nágrenni stöðu- og straumvatna. Þannig skipta þau máli fyrir heilbrigði þessara vatnakerfa og lífríki þeirra. Þau eru einnig mikilvæg búsvæði fugla sem eru t.d. aðdráttarafli fyrir ferðaþjónustu og útivist. Hagsmunir landeigenda fyrir verndun og endurheimt votlendis geta því verið margvíslegir.

Ein samlegð landbúnaðar og náttúruverndar sem vert er að benda á er að regluleg framkvæmd ákveðinna aðgerða t.d. sláttur túna, getur verið mikilvægt fyrir viðkomu fuglategunda m.a. gæsategunda á fartíma. Mikilvæg fuglasvæði hafa verið skilgreind á landbúnaðarsvæðum t.d. á Suðurlandi, í Húnavatnssýslum og Borgarfirði einmitt vegna þessa. Á hinn bóginn getur ásókn fugla í ræktarland einnig valdið togstreitu, einkum ásókn gæsa og álfta í kornakra. Finna þarf lausnir til að takast á við slíka togstreitu án þess að þær lausnir ógni stöðu viðkvæmra fuglastofna.

Mjög mikilvægur liður í landbúnaðarstefnunni eru markmið um sjálfbæra landnýtingu og beitarstýringu. Þetta er sérstaklega mikilvægt á svæðum þar sem jarðvegs- og gróðureyðing er vandamál og þar sem ósjálfbær beitarstýring hefur haft áhrif. Hlutverk landgræðslu og samspil hennar við landbúnað skiptir hér höfuðmáli. Forðast ber að nota framandi ágengar plöntutegundir við landgræðslu. Mjög mikilvægt er einnig að taka tillit til þess að forsendur eru ólíkar á einstökum svæðum. Sum svæði eru rýr og gróðursnauð frá náttúrunnar hendi og verndargildi þeirra getur jafnvel falist í að viðhalda slíku ástandi og láta náttúrulega ferla sjá um framvindu. Þá má benda á að hófleg beit getur haft mikilvægt hlutverk við að viðhalda

ákveðnu ástandi gróðurþekju sem skiptir máli fyrir búsvæði sumra fuglategunda m.a. ábyrgðartegunda eins og heiðlóu og spóa.

Jákvætt er að samhæfa eigi stuðning hins opinbera við markmið um sjálfbæra nýtingu og náttúruvernd. Efla þarf stuðning við þá aðila sem hafa einbeitt sér að vistvænum landbúnaði og sem beita sér fyrir verndun náttúrunnar. Á hinn bóginn ber að draga á úr stuðningi við aðila sem ljóst er að vinna gegn þessum markmiðum

Jákvætt og mikilvægt er að meðal markmiða í framtíðarsýninni sé velferð dýra (liður n). Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti fylgja því betur eftir með skýrari umfjöllun um málaflokkinn í stefnunni og velferð dýra er ekki meðal meginviðfangsefna sem listuð eru í upphafi. Brugðist hefur verið við fyrri ábendingu Náttúrufræðistofnunar um að minnast á velferð dýra í samhengi við umfjöllun um neytendur og þeirra kröfur.

Brugðist var við ábendingu um að fjalla þyrfti um áhrif landbúnaðar á jarðfræðilega fjölbreytni en sú umfangsmikla landnotkun sem fylgir gjarnanlandbúnaði getur leitt af sér rask á jarðminjum og mikla umbreytingu á náttúrulegu landslagi. Tryggja þarf með stefnumótun og skipulagi að landnotkun vegna landbúnaðar valdi ekki óafturkræfu raski á verðmætum jarðminjum og landslagi.

Til að framfylgja markmiðum landbúnaðarstefnu er grundvallaratriði að upplýsingar og þekking sé til staðar um eiginleika og ástand lands, um náttúru og umhverfi svæða þar sem landbúnaður er stundaður eða sem landbúnaður hefur áhrif á og um hvernig þau áhrif geta orðið. Grunnrannsóknir á náttúru Íslands eru því lykilundirstaða þess að t.d. markmið um samlegð landbúnaðar og náttúruverndar náist sem og almenn markmið um sjálfbæran og vistvænan landbúnað. Nauðsynlegt er því að styrkja slíkar grunnrannsóknir sem og sértækari rannsóknir um umhverfisáhrif landbúnaðar og vöktun á árangri vistvænna landbúnaðaraðferða. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lögum samkvæmt lykilhlutverki að gegna við grunnrannsóknir á náttúru landsins og býr yfir mikilli þekkingu og gagnasafni sem eru í senn gagnleg og mikilvæg þegar kemur að ákvarðanatöku um skipulag og framkvæmd landbúnaðar á landsvisu. Stofnunin er alltaf tilbúin til samtals og ráðgjafar um þetta málefni.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin að fylgja umsögninni eftir með frekara samtali við atvinnuveganefnd Alþingis ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,



Eydís Línadal Finnbogadóttir  
Forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2023

2304014SA KB  
Málalýkill: 00.63

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu, 914. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 31. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040.

Samkvæmt þingsályktunartillögunni er meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar að efla og styðja Íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sett er fram framtíðarsýn í 15 liðum og meginviðfangsefni flokkuð í 10 liðum. Eðli málsins samkvæmt skarast landbúnaðarstefna og matvælastefna sem einnig er til meðferðar í þinginu og vísast um sjónarmið sambandsins um málið því einnig til umsagnar um matvælastefnu.

### **Afstaða sambandsins**

Í stefnumótun sambandsins fyrir árin 2022-2026 segir:

*“Brýnt er að unnin verði stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi þar sem lögð verði áhersla á sjálfbæra landnýtingu og byggt á flokkun landbúnaðarlands.”*

Sambandið telur því jákvætt að til standi að setja landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Þá hittu fulltrúar sambandsins verkefnastjórn um landbúnaðarstefnu og sambandið skilaði inn [umsögn](#) um *Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland* og [umsögn](#) um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu. Tillagan sem nú er til meðferðar í þinginu endurspeglar ágætlega þau sjónarmið sem sambandið hefur áður lagt fram í málinu. Sambandið vill þó koma á framfæri eftirfarandi atriðum:

- Mikilvægt er að við mótun aðgerðaáætlunar á grundvelli stefnunnar verði horft einnig til annarra stefna og áætlana stjórnvalda s.s. á sviði byggðamála, ferðaþjónustu, orkumála, loftlags- og úrgangsmála, samgöngu- og fjarskiptamála o.s.frv. til að samþætta aðgerðir og koma í veg fyrir skörun og tvíverknað. Aðgerðaáætlunina þarf því að vinna í víðtæku samráði milli ráðuneyta sem og samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.
- Leggja mætti meiri áherslu á að menntun og starfsþróun verði aðgengileg um land allt m.a. með fjarnámsmöguleikum enda mikilvægt fyrir byggðapróun og nýliðun að hægt sé að stunda menntun og starfsþróun í héraði.
- Í stefnunni er gert ráð fyrir að sett verði skýr viðmið um flokkun landbúnaðarlands. Eins og fram kemur í fyrrgreindri stefnu sambandsins þá styður sambandið að landnýting byggji á flokkun landbúnaðarlands. Hins vegar telur sambandið rétt að áréttta það sem kemur fram í fyrri umsögnum sambandsins um málið, sérstaklega eftirfarandi ummæli atvinnuveganefndar:

*„Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að mikilvægt væri að samræma og undirbúa betur framkvæmd leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands í því*

skyni að vel tækist til við flokkunina og unnt yrði eftir mætti að draga úr kostnaði við þennan þátt skipulagsgerðar. Rætt var hvernig ríkisstofnanir, bæði Skipulagsstofnun, fagstofnanir landbúnaðarins og einkum Landgræðsla ríkisins, sem býr yfir mikilli þekkingu á jarðvegsmálum og kortagerð, gætu auðveldað sveitarfélögum þessa vinnu. Meiri hlutinn hvatti umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til að ráðast þegar í vinnu við að bregðast við þessum sjónarmiðum í samstarfi við yfirvöld skipulagsmála. Er nefndinni kunnugt um að sú vinna sé þegar hafin og í trausti þess að úr henni muni greiðast og með vísan til umfjöllunar í álit meiri hluta nefndarinnar við 2. umræðu telur meiri hlutinn ekki ástæðu til breytinga á frumvarpinu að þessu leyti fyrir 3. umræðu.“

Mikilvægt er að þessi sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við útfærslu verkefna í tengslum við flokkun landbúnaðarlands.

- Þá er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að úrgangsmálum í landbúnaði. Vissulega er í stefnunni að finna áherslu á hringrásarhagkerfið en að mati sambandsins er einnig nauðsynlegt að útfæra markvissar aðgerðir t.d. hvað varðar dýraleifar enda liggur fyrir að meðhöndlun slíks úrgangs er ekki fullnægjandi á Íslandi þar sem nauðsynlega innviði skortir. Jafnframt þarf að taka ákvarðanir um meðhöndlun brennanlegs úrgangs en lengi hefur verið til umræðu að byggja sérstaka brennslustöð fyrir slíkan úrgang. Nánar er fjallað um þessi atriði í umsögn sambandsins um matvælastefnu og vísast því einnig til þeirrar umfjöllunar um þetta atriði.

### Að lokum

Eins og fram hefur komið er það í samræmi við stefnu sambandsins að unnin sé stefnumótun á sviði landbúnaðar. Þá hefur að töluverðu leyti verið tekið tillit til ábendinga sambandsins á fyrri stigum málsins. Árangur af stefnumótun ræðst þó fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í stefnunni kemur fram að á grundvelli hennar eigi að vinna aðgerðaáætlun til fimm ára í senn. Sambandið leggur mikla áherslu á að slík áætlun verði unnin í góðum tengslum við aðra stefnumótun og í virku samráði við sambandið, landshlutasamtök, sveitarfélög sem og aðra hagsmunaaðila enda mikilvægt að ná breiðri samstöðu um þær aðgerðir sem ráðist verður í.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

17.4.2023.

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu, mál nr. 914.**

SAM fagna því að fram sé komin þingsályktunartillaga um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 en minna á að stefna Íslands í landbúnaðarmálum hafa til þessa komið fram víða í lögum, einkum í fyrsta kafla Búvörulaga nr. 99/1993 (með síðari breytingum).

SAM hefur áður skilað umsögn um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu í Samráðsgátt stjórnvalda 24. febrúar 2023 og ítreka samtökin hér með það sem fram kom í þeirri umsögn; sjá viðhengi.

Í framangreindri umsögn um drög að landbúnaðarstefnu benti SAM sérstaklega á hvernig stuðningur við mjólkurframleiðsluna hefur minnkað á þessari öld. Frá árinu 2004 til 2021 lækkaði opinber stuðningur við mjólkurframleiðsluna um 46% að raungildi á hvern framleiddan mjólkurlíttra. Þegar horft er áfram frá 2004 til ársins 2022 er lækkun stuðningsins orðin 51% að raungildi á hvern lítra. Í umsögn SAM um drög að landbúnaðarstefnunni segir: *SAM telja að vegið sé að hagkvæmri framleiðslu mjólkur á Íslandi með sífelit lækkandi stuðningi og hveija til þess að í nýrri landbúnaðarstefnu verði hortið frá þessari þróun.* SAM ítreka þessa afstöðu samtakanna.

Einnig vilja SAM vara við hugmyndum í tíunda kafla þingsályktunartillögunnar um breytingar á stuðningi við landbúnað. Sérstaklega vara SAM við hugmyndum um að breyta stuðningi við mjólkurframleiðslunnar úr framleiðslutengdum stuðningi í stuðningsform sem beinast fremur að öðrum þáttum en framleiðslu matvæla. SAM telja óskynsamlegt að breyta stuðningsforminu án þess að fyrir liggi hagfræðileg greining á áhrifum breytinga á stuðningforminu. Þá afstöðu byggja SAM á drögum að hagrænni greiningu á ólíkum stuðningsaðferðum við mjólkurframleiðsluna, en greiningin bendir til þess að stuðningur við notkun aðfanga brengli notkun framleiðsluþátta og séu þjóðhagslega skaðlegir, en beingreiðslukerfi með greiðslumarki brengli ekki framleiðsluhætti og sé því þjóðhagslega skaðlaust.

SAM áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum. Eins eru samtökin tilbúin, sem ávallt fyrr, til að funda með Atvinnuveganefnd um málefni landbúnaðar og mjólkurvinnslu.

F.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Sigurjón R Rafnsson



Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt  
Reykjavík, 24. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu, mál nr. 30/2023**

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM eða samtökin) hafa tekið umrædd drög til skoðunar (hér eftir tillagan). Hér á eftir verður gerð grein fyrir sjónarmiðum SAM.

SAM fagna því að komin séu fram drög að tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040. Landbúnaður er mikilvægur grundvöllur atvinnu, fæðuöryggis og auðlindanýtingar í þágu lands og þjóðar. Greinin á því mikið undir stefnu stjórnvalda í málaflokknum og að hún veiti leiðsögn sem tryggir viðgang hennar til framtíðar.

*Áður en íjallað verður um einstaka þætti tillögunnar vija SAM sérstaklega leggja áherslu á að stóru greinarnar í landbúnaði verða þær sömu eftir 20 til 30 ár og þær eru í dag af því að það eru greinarnar sem þrífast hér á landi vegna ræktunarskilyrða og hitastigs, þ.e. nautgriparækt (mjólkur- og kjötframleiðsla), sauðjórframleiðsla, grænmetisrækt ásamt alifugla- og svínarækt. Það þarf því að tryggja íjárhagslega afkomu þessara greina.*

*Einnig vija SAM draga fram þá staðreynd að beinn stuðningur við landbúnaðinn þarf að aukast í heildina frá því sem nú er. Beinn íjárstuðningur við landbúnaðinn hefur hrapað sem hlutfall af opinberum útgjöldum svo ekki sé talað um landsframleiðslu. Á þetta ekki síst við mjólkurframleiðsluna, sauðjórframleiðsluna, grænmetisræktina og nautakjötsframleiðsluna.*

*Síðast en ekki síst vija SAM vara við því að sá stuðningur sem í dag rennur til kúabænda í formi beingreiðslna verði enn lækkaður í því skyni að auka stuðning til þess sem kalla má framleiðslu á umhverfislegum gæðum. Slík gæði eru hvorki þáttur í matvælaframleiðslu né í því að tryggja fæðuöryggi. Frá árinu 2004 til 2021 hefur opinber stuðningur lækkað um 46% að raungildi á hvern framleiddan lítra mjólkur. SAM teja að vegið sé að hagkvæmri framleiðslu mjólkur á Íslandi með sífellt lækkandi stuðningi og hveija til þess að í nýrri landbúnaðarstefnu verði horfið frá þessari þróun.*

Umfiöllun um einstaka þætti í drögum að landbúnaðarstefnu fylgja hér á eftir.

**A. Almennt um tillöguna**

1. Í drögunum er talað um að megin markmið stefnunnar um að efla og styðja við íslenskan landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnægum landbúnaðarvörum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Markmiðið er metnaðarfullt svo ekki sé meira sagt. Kann að vera raunhæfara að tala um að Ísland verði í fremstu röð ríkja á þessu sviði, líkt og það er sett fram í lið a. Í kafla um framtíðarsýn.

**B. Framtíðarsýn:**

2. Framtíðarsýn í landbúnaði er sett fram í 15 liðum í tillögunni. Þar er að finna almenn atriði í flestum tilvikum án þess að sett sé fram við hvaða mælikvarða eigi að styðjast við mat á árangri.
3. Tekið er undir þá sýn sem sett er fram í punkti k., en rétt er að benda á að þetta er lýsing á sjálfbærri landbúnaðarframleiðslu og mikilvægt er að fella þessa framtíðarsýn inn í hugtakið „Sjálfbær landbúnaður“.
4. Að öðru leyti verður komið inn á þau atriði sem þarna er vikið að í umfjöllun um þau meginviðfangsefni sem lögð verður áhersla á samkvæmt tillögunni sem eru 10 talsins.

**C. Fæðuöryggi**

5. Jákvætt er að skilgreina skuli lágmarksbirgðir matvæla á hverjum tíma auk viðeigandi birgða aðfanga. Ástæða er til að minna á að mat á viðeigandi lágmarksbirgðum er vandasamt viðfangsefni í áhættustýringu þar sem mat á tjóni ef birgðir þrjóta og líkum á því að það gerist, leika meginhlutverk. Þá er mikilvægt að áréttu að öllu birgðahaldi fylgir kostnaður. Kröfum til framleiðenda um aukið birgðahald þarf því um leið að svara með hver á að bera af því kostnaðinn.
6. Þá þarf að huga að því að ekki aðeins skiptir magn máli heldur líka næringarinnihald mismunandi afurða. Með öðrum orðum til hvaða afurða er verið að horfa? Helst er grænmeti nefnt berum orðum í tillögunni en langmestur hluti þess sem íslenskur landbúnaður leggur að mörkum við að tryggja fæðuöryggi landsmanna eru búfjárafurðir, sem hafa verið undirstaða landbúnaðar á Íslandi frá aldaöðli. Ástæðan er norðlæg lega landsins og loftslag sem hentar fyrst og fremst til grasræktar fyrir jórturdýr, þó einnig hafi náðst góður árangur í annarri kjötframleiðslu (svín og alifuglar) og þekkingu og tækni við fóðuröflun fyrir einmaga dýr hefur fleygt fram á seinni árum. Búfjárafurðir eru því þunginn í matvælaframboði frá íslenskum landbúnaði. Mjólkurafurðir skila t.d. yfir 20% af allri orkuþörf landsmanna og yfir 28% af allri próteinþörf; þar með talið öllum lífsnauðsynlegum amínósýrum sem sumar finnast nær eingöngu í dýrafurðum. Er það væntanlega það sem er vísað til með „ræktun afurða til manneldis“ í þessari umfjöllun.

7. Í markmiðskafla nógildandi búvörulaga nr. 99/1993 er talað um að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu. Sem liður í að stuðla að þessu markmiði væri rökrétt að styðja við bændur með markmiðum um bæta framleiðni í landbúnaði til að tryggja stöðugt framboð af matvælum á hagstæðu verði. Eingöngu með því að tryggja bændum sanngjörn lífskjör verður framleiðsla matvæla tryggð til framtíðar.
8. Tekið er undir að styrkja þurfi fjárhagslega afkomu framleiðenda. Lykilatriði er þó alltaf að tekjur standi undir framleiðslukostnaði á hverjum tíma. Fæðuöryggi verður ekki tryggt án þess að framleiðsla matvæla sé hagkvæmur kostur sem skilar bændum ásættanlegu lífskjörum, sem standast samkeppni við aðra valkosti sem einstaklingum stendur til boða í lífinu. Hvað hins vegar er átt við með hagkvæmri fjármögnun í drögunum þyrfti að koma skýrar fram. Aðgengi að lánsfé er í dag í gegnum almennar lánastofnanir, banka, sparisjóði og lífeyrissjóðir; er verið að leggja til nýjar leiðir?
9. Hvernig á að styrkja stoðir fjárhagslegrar afkomu framleiðenda með framleiðslu í takt við þarfir markaða? Er það ekki eftirspurn neytenda sem gefur skilaboð um hvað markaðurinn vill? Er ástæða til að efast um að framleiðsla í landbúnaði lagi sig að markaðseftirspurn? Í fljótu bragði er það aðeins léleg fjárhagsleg afkoma í búrekstri og þar með getuleysi til aðlögunar sem getur komið í veg fyrir það.

#### D. Loftslagsmál

10. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda er rauður þráður í stefnumörkum fjölmargra málaflokka. Minni losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði er því talin samfélagslega eftirsóknarverð. Því er þessi minni losun, eða í þeim skilningi hreinni framleiðsla, vara sem er eftirsóknarverð. Hagfræðileg þekking bendir sterklega til að til að fá þessa vöru, þ.e. hreinni framleiðslu, sé skilvirkast að skýrgreina verð fyrir hana og greiða bændum fyrir þá framleiðslu. Greiðsla til bænda fyrir þetta er ekki aðeins skilvirk aðferð til að ná markmiðinu, heldur og sanngjörn, því eftirspurnin eftir minni losun gróðurhúsalofttegunda kemur aðeins að mjög litlum hluta frá þeim.
11. Vottun á bindingu kolefnis er alþjóðlegt viðfangsefni. Þeir aðilar hér á landi sem hafa farið þá leið að selja slíka „vöru“ hér á landi hafa leitast eftir vottun frá erlendum vottunaraðilum. Því má spyrja hvort það eigi sérstakt erindi inn í landbúnaðarstefnu að móta ramma um framleiðslu vottaðra kolefniseininga? Heyrir þetta ekki frekar undir umhverfis og loftslagsmál? Votlendissjóður reyndist ekki hafa vottun. Það hefur Kolviður heldur ekki, ef fréttir í fjölmiðlum eru réttar um að fyrirtækið vinni að því að útvega vottun frá erlendu fyrirtæki. Á ríkið að vera að blanda sér í vottunarferli í gegnum landbúnaðarstefnu?

**E. Líffræðileg fjölbreytni**

12. Í drögum af landbúnaðarstefnunni kemur réttilega fram að Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Af því tilefni vilja SAM minna á að íslenskir búfjárstofnar eru einstakir eftir langa vernd frá öðrum stofnum. Vernd og viðhald þeirra hlýtur að hafa áhrif á íslenska landbúnaðarstefnu.

**F. Landnýting og varðveisla landbúnaðarlands**

13. Mannkyni fjölga stöðugt en land sem er nýtanlegt til matvælaframleiðslu er takmarkað. SAM taka undir mikilvægi þess að vernda og varðveita landbúnaðarland þannig að áframhaldandi nýting til matvælaframleiðslu sé tryggð. Samtímis vilja samtökin minna á að um 70% af því landi sem notað er til matvælaframleiðslu í heiminum – og að líkum mun hærra hlutfall hérlendis – er land sem eingöngu má nýta til framleiðslu matvæla með aðstoð jórturdýra. Sé landið ekki nýtt til beitar og fóðurframleiðslu fyrir jórturdýr; þá er ekki hægt að nýta það til annarrar matvælaframleiðslu.

**G. Hringrásarhagkerfi**

14. Markmiðið með svokölluðu hringrásarhagkerfi er að nýta náttúruauðlindir sem allra best, varðveita þær þeirra sem endurnýjanlegar eru og spara þær sem eru það ekki. Með öðrum orðum að forðast sóun verðmæta og mengun umhverfisins. Mikilvægasti hvatinn sem til er til að vinna að þessum markmiðum er hagkvæmni framleiðslunnar; rétt verðlagning auðlinda er því nauðsynleg. Tekið er undir markmið um eflingu hringrásarhagkerfis sem er óaðskiljanlegur hluti af aukinni sjálfbærni og að dregið verði úr kolefnisspori. Hér þarf einnig bjóða skilvirkar lausnir á sviði úrgangsmála.

**G. Alþjóðleg markaðsmál**

15. Óljóst er hvað átt er við með því sem segir í drögnum að landbúnaðarstefnunni um alþjóðleg markaðsmál. Íslenskur landbúnaður byggir á framleiðslu tiltölulega fárra afurða, einkum búfjárafurða. Aðrar landbúnaðarvörur sem og stór hluti blandaðra matvæla eru að miklu leyti fluttar inn til landsins án tolla og vörugjalda, ýmist gagnvart helstu viðskiptaþjóðum eins og ESB og EFTA löndunum eða fleirum á grundvelli viðskiptasamninga eða einhliða afnámi tolla. Þá eru tollfrjálsir kvótar síst minni hér á landi en í nágrannalöndum sé horft til hlutdeildar þeirra í heildar markaði fyrir viðkomandi afurðir. Alþjóðleg markaðskerfi með landbúnaðarvörur einkennast af víðtækum viðskiptahindrunum, tollkvótum, háum tollum og vörugjöldum. Í drögnum segir að það þurfi að „...*laga íslenskan landbúnað að alþjóðlegu markaðskerfi með landbúnaðarvörur.*“ Er átt við að auka þurfi viðskiptahindranir, tolla, vörugjöld og minnka tollkvóta? Eða byggir tillagan á röngum upplýsingum um alþjóðleg markaðskerfi með landbúnaðarvörur?

16. Jákvætt er að tekið sé fram að samkeppnisstaða innlendar framleiðslu verði tryggð með tollastefnu. Hins vegar er óljóst hvað átt er við með ytra aðhaldi í þágu neytenda. Er hér verið að vísa til opinberrar verðlagningar á grundvelli búvörulaga eða annarra aðgerða og þá hverra?
17. SAM taka undir mikilvægi þess að tryggja með löggjöf svigrúm til hagræðingar, sjá lið 6.3 í áherslum á meginviðfangsefni. Slíkar heimildir duga þó ekki einar og sér, horfa þarf til þátta eins og dreifðar framleiðslu og landfræðilegra aðstæðna til að tryggja framleiðendum um allt land jafnt aðgengi að markaði eins og nógildandi búvörulög leggja áherslu á.

#### **H. Neytendur**

18. Öll framleiðslustarfsemi nær bestri afkomu með því að laga framleiðsluna að eftirspurn á markaði. Góð fjárhagsleg afkoma matvælaframleiðenda leggur grunninn að þessu.

#### **I. Nýsköpun og tækni**

19. Hér þarf að tryggja framboð á endurnýjanlegum orkugjöfum og dreifingu orkunnar. QR kóðar ryðja sér til rúms og virðast vera framtíðin þegar kemur að því að veita neytendum aðgengi að upplýsingum um vörur. Alþjóðlegir staðlar á þessu sviði ættu að varða leiðina. En aftur er góð afkoma grundvöllur þess að innleiða tækniframfarir og nýjungar.

#### **J. Menntun, rannsóknir, þróun**

20. Góð afkoma gerir landbúnað að áhugaverðri atvinnugrein. Menntastofnanir á sviði landbúnaðar heyra undir önnur ráðuneyti og tryggja þarf samstarf og áhrif greinarinnar á þessu sviði. Bændur hafa innleitt nýjungar og miklar framfarir hafa orðið í atvinnugreininni undanfarin ár og áratugi.

#### **K. Fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.**

21. Líta ber á stuðning við landbúnað sem tæki til að ná markmiðum. SAM óttast að hugmyndir sem koma fram í lið 10.2 eru vísbending um að lítið sé þannig á að stuðningurinn sé orðinn að ígildi markmiðs. Allt frá upphafi fyrir um 90 árum hefur markmið stuðnings við landbúnað verið að tryggja neytendum gott framboð af hagkvæmum matvælum sem framleidd eru af bændum sem eru tryggð sambærileg lífskjör og öðrum þegnum samfélagsins. SAM telja mikilvægt að þessi markmið verði áfram grunnur stuðnings við landbúnað.
22. SAM gjalda varhug við því að sá stuðningur sem í dag rennur til kúabænda í formi beingreiðslna verði enn lækkaður í krónum á lítra mjólkur í því skyni að auka stuðning til þess sem kalla má framleiðslu á umhverfislegum gæðum, án þess að bændum verði

tryggðar tekjur á móti. Slík gæði eru hvorki þáttur í matvælaframleiðslu né í því að tryggja fæðuöryggi, þar með talið hagfelld verð til neytenda. Öðru máli gegnir ef endurskoða á heildar framlög til málaflokksins þar sem nýjum áherslum á sviði loftslags- og umhverfismála og náttúrverndar verði mætt með því að nýjar greiðslur komi fyrir. Ef stefnan er að auka opinber framlög til landbúnaðar til að ná þessum markmiðum, þá er betra að sú stefnumörkun sé skýr.

23. Frá árinu 2004 til 2021 lækkaði opinber stuðningur á framleiddan mjólk um 25% að raungildi. Á sama tíma hefur framleiðsla mjólkur aukist verulega, þannig að samdráttur í opinberum stuðningi á hvern lítra mjólkur hefur lækkað um 46% að raungildi. Á sama tíma hefur stuðningur við mjólkurframleiðslu einnig lækkað sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. SAM telja að vegið sé að hagkvæmri framleiðslu mjólkur á Íslandi með sífelld lækkingu stuðningi og hvetja til þess að í nýrri landbúnaðarstefnu verði horfið frá þessari þróun.

#### L. Önnur áhersluatriði

24. SAM telja að í drög að landbúnaðarstefnu þurfi að bæta staðfestingu á því að eitt af markmiðunum sé að tryggja bændum lífskjör til jafns við aðrar stéttir í þjóðfélaginu, líkt og gert er í núgildandi búvörulögum nr. 99/1993. Lífskjör eru ekki aðeins laun heldur einnig annað sem varðar hag fólks og heimila.
25. Hvergi er vikið að heilbrigði okkar búfjárstofna sem á við allar búfjartegundir, takmarkaða eða nær engrar sýklalyfjanotkunar sem skapar mikla sérstöðu, jafnvel á heimsvísu. Notkun varnarefna í landbúnaði er sömuleiðis lítil hér á landi. Við eigum að sjá metnað okkar í því að leggja ekki framleiðslu með notkun lyfja og varnarefna á vistkerfi annarra landa, þegar við getum sjálf framleitt mikið af þessum afurðum með heilnæmum hætti hér á landi.
26. Í tillögunni er lagt upp með stefnumörkun fyrir landbúnað fram til ársins 2040. Í núgildandi búvöru- og búnaðarlögum (99/1993 og 70/1998) er að finna mörg atriði sem eiga fullt erindi í framtíðarstefnumörkun. SAM hvetja til þess að þeim verði haldið til haga. Nefna má einkum í því sambandi markmið eins og að:
- að stuðla að framförum og aukinni hagkvæmni í búvöruframleiðslu og vinnslu og sölu búvara til hagsbóta fyrir framleiðendur og neytendur,
  - almenn starfsskilyrði við framleiðslu og vinnslu búvara ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæðaaafurða á sanngjörnu verði,
  - að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu,
  - að stuðla að jöfnuði á milli framleiðenda í hverri búgrein hvað varðar afurðaverð og markað.
  - að við búvöruframleiðsluna sé gætt sjónarmiða um velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu,
  - stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu bænda,

- g. tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.  
Önnur markmið fyrrnefndra laga eiga einnig erindi við samtímann þó þau séu ekki sérstaklega nefnd hér.

**M. Að lokum**

SAM áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari ábendingum á síðari stigum. Eins eru samtökin tilbúin, sem ávallt fyrr, til að funda með Matvælaráðuneytinu um málefni landbúnaðar og matvælaframleiðslu.

Fyrir hönd Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf,

Sigurjón R Rafnsson

Stjórnarformaður

Atvinnuveganefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

101 Reykjavík

*Sent með tölvupósti*

Reykjavík 17. apríl 2023.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.**

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“) vísa til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar Alþingis sem send var frá nefndasviði þann 31. mars 2023 um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 (hér eftir „tillagan“).

SAFL fagna því að fram sé komin tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040. Landbúnaðurinn er önnur þeirra atvinnugreina sem fylgt hefur þjóðinni frá landnámi og er grundvöllur atvinnusköpunar og byggðafestu í hinum dreifðari byggðum ásamt því að spila lykilhlutverk í fæðuöryggi þjóðarinnar og loftslagsmálum. Landbúnaðurinn hefur hins vegar glímt við margvíslegar áskoranir undanfarin ár og áratugi. Greinin á mikið undir stefnu stjórnvalda og mikilvægt er að rétta þann mikla aðstöðuhalla sem íslenskur landbúnaður býr við í samanburði við önnur ríki í Evrópu, eigi markmið landbúnaðarstefnu eftir að ganga.

SAFL höfðu áður sent inn umsögn um drög þingsályktunartillögunnar þegar þau voru kynnt í samráðsgátt þann 10. febrúar 2023 og ítreka samtökin hér með það sem fram kom í þeirri umsögn (sjá viðhengi). Í þeirri umsögn bentu SAFL á eftirfarandi atriði:

- Grundvöllur þess að markmið tillögunnar nái fram að ganga er að tryggja að frumframleiðendur, þ.e. bændur, njóti líf skjara til jafns við aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Núverandi landbúnaðarstefna birtist í markmiðum nágildandi búvöru- og búnaðarlaga (99/1993 og 70/1998). Mörg markmiðanna sem birtast þar eiga fullt erindi í landbúnaðarstefnu fyrir Ísland.
- Mikilvægt er að huga að því að öllu birgðahaldi í tengslum við lágmarksbirgðir matvæla fylgir kostnaður og með kröfum um aukningu þar á þarf að liggja fyrir hvar sá kostnaður lendir.
- Vænlegra er að tryggja fæðuöryggi með tryggu framboði af matvælum, þ.e. að tryggja framboð nauðsynlegra aðfanga til frekari framleiðslu, s.s. olíu og fóður, fremur en að vera með miklar umframbirgðir af matvælum í geymslu hverju sinni.
- Mikilvægt er að bæta rekstrarafkomu landbúnaðarins, hvort sem er frumframleiðenda eða fyrirtækja í landbúnaði. Þegar rekstrarumhverfi afurðastöðva er með þeim hætti að þeim er gert erfitt fyrir að ná fram stærðarhagkvæmni og bæta þannig rekstrarstöðu sína er erfitt að fá fjármögnun til að ráðast í nauðsynlega endurnýjun á framleiðslulínunum og öðrum tæknibúnaði.




- Markmið um kolefnishlutleysi landbúnaðar sem birtist í d. lið framtíðarsýnar tillögunnar kallar á sértækt bókhald hvað landbúnaðinn varðar.
- SAFL taka sérstaklega undir lið 6.2 þar sem kveðið er á um að tryggja með löggjöf að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og samstarfs en í nágrannalöndum okkar sem starfa samkvæmt EES-löggjöf. Samtökin benda á að undanþágureglur eru frá samkeppnisreglum í Noregi og innan aðildarríkja ESB sem tryggja að bændur og fyrirtæki þeirra eru undanþegin tilteknum ákvæðum samkeppnislaga viðkomandi ríkja. Auk þess eru í gildi tilteknar undanþágur frá samkeppnisreglum í ESB-rétti en umræddar reglur tryggja ákveðin forgangsáhrif landbúnaðarstefnu ESB gagnvart samkeppnisreglum sambandsins.
- Raforkukostnaður gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu matvælaframleiðslu um land allt, þá sérstaklega framleiðslu í gróðurhúsum. Mikilvægt er að jafna rafmagnskostnað enn frekar til að markmið tillögunnar nái fram að ganga.
- SAFL vara við þeim hugmyndum sem koma fram undir lið 10 og snúa að breytingum á stuðningskerfi landbúnaðarins. Markmið stuðnings við landbúnað hefur allt frá upphafi verið að tryggja neytendum gott framboð af hagkvæmum matvælum sem framleidd eru af bændum sem eru tryggð sambærileg lífskjör og öðrum þegnum samfélagsins. Ef færa á stuðning við landbúnað frá framleiðslu yfir á umhverfisleg gæði án þess að bændum séu tryggðar tekjur á móti er það markmið fyrir bí.

Auk þeirra athugasemda sem koma fram í fyrri umsögn SAFL vilja samtökin benda á eftirfarandi:

Í lið 8.2 í tillögunni er lagt til að innleiða rakningarkerfi til að byggja upp tengsl bænda og neytenda auk þess sem þau nýtist í þágu matvælaöryggis. Mikilvægt er að hafa í huga að slíku rakningarkerfi fylgir aukinn kostnaður, bæði af skráningum og utanumhaldi. Mikilvægt er að það liggi skýrt fyrir mat á þeim kostnaðaráhrifum sem af slíku rakningarkerfi leiðir og hvar hann lendir.

SAFL áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Samtökin eru reiðubúin til að funda með þingnefndinni til frekara samráðs og samtals um tillögu þess.

Fyrir hönd  
Samtaka fyrirtækja í landbúnaði



Margrét Gísladóttir  
framkvæmdastjóri SAFL

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Selfossi, 17. apríl 2023

## Efni: Umsögn Skógræktarinnar um tillögu þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn Skógræktarinnar um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál. Skógræktin sendi inn umsögn um drög að þingsályktunartillögunni þegar málið var birt í Samráðsgátt. Sumt hefur í tillögunni breyst frá því sem var í drögnum, en annað ekki.

Þó að skógrækt sé landbúnaður í víðum skilningi þess orðs, og að margt sé sameiginlegt með skógrækt og landbúnaði til matvælaframleiðslu, tekur *Tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu* til 2040 ekki til skógræktar nema að takmörkuðu leyti, enda eru henni gerð skil í *Landi og lífi*, sameinaðri stefnu fyrir landgræðslu og skógrækt. Þessar stefnur eru á sama málefnasviði og taka mið hvor af annarri, einsog rakið er í 1. kafla (inngangi) greinagerðar með þessari tillögu að þingsályktun um landbúnaðarstefnu.

Engu að síður telur Skógræktin rétt að benda á nokkur atriði í þessari tillögu sem lúta að skógrækt:

1. Nokkuð er rætt um vernd góðs landbúnaðarlands, t.d. í h.-lið framtíðarsýnar í landbúnaði. Klausan um „forgang búvöruframleiðslu á góðu ræktunarlandi“, sem var í h.-lið í drögum að tillögunni hefur nú verið felld brott, og er það ánægjulegt að mati Skógræktarinnar, enda hefði það hugsanlega getað skilist þannig að skógrækt væri óæskileg á góðu ræktunarlandi. Skógur, trjárækt, lundir og skjólbelti í og við landbúnaðarland, auka gildi þess og afrakstur, hvort sem það er gott til ræktunar eða lakara. Skógræktin vill í þessu sambandi kunngera eftirfarandi:

- Ræktarland rýrnar ekki eða skemmist ef þar vex skógur, þó að það geti í *vissum tilvikum* orðið tortækt til túnræktar eða akuryrkju án þess að sérstök, einskíptis jarðvinnsla komi til (uppplæging stubba t.d.).

- Skógrækt og skjólbelti hafa mikil jákvæð áhrif á alla aðra ræktun í grennd við sig. Skjólbelti og önnur minniháttar skógrækt á besta landbúnaðarlandinu eykur þannig afurðir og afrakstur sem hafa má af ræktunarlandi. Þetta felst í meira skjóli, sem bæði bætir vaxtarskilyrði annars gróðurs heilt yfir og minnkar líkur á áföllum af völdum foks. Einnig er viðbúið að innistöðutími búsmala sé minni þar sem góðs skjóls nýtur, og er þar til nokkurs að vinna.

Það er því ósk Skógræktarinnar að skógrækt verði rækilega gefinn gaumur í Landbúnaðarstefnunni, sem þætti sem stutt getur við annan landbúnað, sérstaklega ræktun. Aukinn afrakstur af ræktunarlandi snertir m.a. fæðuöryggi (liðir 1.1., 1.3., 1.4.), landnýtingu og varðveislu landbúnaðarlands (liður 4.2.). Aukinn afrakstur af ræktarlandi minnkar einnig auðlindanotkun og sóun, og kallast því á við liði 4.1. og 4.3., sem og hringrásarhagkerfið. Það fellur einnig vel að lokasetningu greinagerðarinnar með tillögnum: „Vonir standa til að landbúnaðarstefnan efli innlendan landbúnað og styrki stoðir hans til framtíðar.“ Skógræktin fagnar því að í stefnunni sé skógrækt nefnd sem einn þáttur í fjölbreyttari framleiðslu landbúnaðarafurða (liður 10.2). Skógræktin bendir einnig á að skógrækt, sem hluti af landbúnaði, er sjálfsagður hluti af loftslagsmálum (sér í lagi liður 2.1. „[...] og auka bindingu í gróðri og jarðvegi“) og stuðningskerfi landbúnaðarins (liðir 10.1. og 10.4.).

### **Að þessu sögðu er það tillaga Skógræktarinnar að**

- í lið 1.4. verði bætt við „Markvisst verði unnið að framförum í grasrækt og ræktun annarra fóðurjurta samhliða aukinni áherslu á fjölbreyttari garðyrkju og aðra ræktun afurða til manneldis, aukna kornrækt, aukinn afrakstur af ræktarlandi með skjóli af skóqum, skjólbeltum og -lundum og hvers konar nýjungar svo sem ræktun orkujurta.“

- í lið 2.1. verði bætt við „Hvati verði skapaður innan stuðningskerfis landbúnaðarins til að auðvelda bændum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu í gróðri og jarðvegi, b.m.t. með skógrækt.“

2. Liður 4.3. er „Sérkenni landbúnaðarlands og landslags verði virt; viðgangur vistkerfa verði tryggður og nytjaland, jarðfræðileg fjölbreytni og menningarlandslag verði varðveitt“. Hér er nokkuð skýrt sagt að það skuli virða sérkenni landslags. Skógar eru landslag, og skógrækt á skóglausu landi breytir landslagi. Ef það að virða sérkenni landslags merkir að þurfi að hamla sérstaklega skógrækt á skóglausu landi, þá vill Skógræktin benda á að það fellur enganvegin að neinu atriði í framtíðarsýn í landbúnaði (liðum a.-o.), og gengur hreinlega gegn liðum c., d., g., h. og k. Sama á við um að varðveita þurfi menningarlandslag: það er ekki ljóst hvað nákvæmlega felst í menningarlandslagi og hvaða menningarlandslag þurfi að varðveita umfram annað og að hve miklu leyti. Einnig er vandséð hvað felst í að „tryggja viðgang vistkerfa“, og hugsanlega mætti skilja það sem svo að varna þurfi öllum breytingum á þeim, sem er ótækt markmið í Landbúnaðarstefnu.

Það er mikilvægt að byggja upp og hlúa að skógarauðlindinni á Íslandi, það er bæði arðbætt í sjálfa sér og styður marga aðra þætti mannlífs og umhverfis og sérstaklega landbúnað. Það má ekki verða skógræktarstarfi til stórkostlegra trafala að landbúnaði sé ætlað skv. Landbúnaðarstefnu að tryggja óbreytt landslag og varðveita menningarlandslag í hvívetna.

Á móti kemur að í landslagi og menningarlandslagi, jarðfræðilegri fjölbreytni og vistkerfum felast vissulega gæði og verðmæti sem vert er að halda til haga.

Það er því ósk Skógræktarinnar að liður 4.3. verði skrifaður skýrar, þannig að ræktun og skógrækt verði ekki settar óþarfar og skaðlegar hömlur.

**Það er tillaga Skógræktarinnar að liður 4.3. verði þannig: „4.3. Ekki verði að óþörfu qenqið á sérkenni búskaparlandslags á hverjum stað; verðmæt vistkerfi fái að þróast og séu vernduð ef þess er þörf, fjölbreytni jarðmyndana, nytjaland og menningarlandslag fái að njóta sín.“**

3. Í greinagerð kemur í lið 2.4. (um landnýtingu og varðveislu landbúnaðarlands) fram að tryggja þurfi „að nýting lands verði sjálfbær þannig að ekki verði gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar einsog unnt er.“ Það er að sönnu mikilvægt að endurheimta auðlindir og landgæði og ganga ekki á þau, enda felst sjálfbærni einmitt í því. Hinsvegar væri enn betra að stefna að því að auka landgæðin, og skógrækt, hvort sem hún er samfelld eða á smærri skala, er sjálfsagður og snar þáttur í því starfi, v.a.m. innan marka landbúnaðar.

Það er því ósk Skógræktarinnar að stefnt verði ekki einungis að viðhaldi landgæða og auðlinda, heldur einnig aukningu þeirra.

**Það er tillaga Skógræktarinnar að liður 2.4. í greinagerð hefjist á setningunni „Tryggja þarf að nýting lands verði sjálfbær þannig að ekki verði gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar og auknar eins og unnt er.“**

virðingarfyllt

f.h. Skógræktarinnar,

  
Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@skogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfoss



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Skagafjörður, 11. apríl 2023  
nr. erindis 2304009 SIS

Á 42. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 5. apríl 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um landbúnaðarstefnu til ársins 2040

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur frá Atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 31. mars 2023, þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál. Óskað er eftir að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. apríl. Byggðarráð Skagafjarðar fagnar að unnin hafi verið þingsályktunartillaga um landbúnaðarstefnu til ársins 2040. Í framkominni tillögu eru lögð fram 10 megin viðfangsefni sem öll eru mikilvæg. Byggðarráð saknar þess þó að sjá ekki skýrari markmið og harðari kröfur til sem minnstrar lyfjanotkunar í matvælaframleiðslu en lyfjanotkun á Íslandi er ein sú minnsta í landbúnaði í allri Evrópu. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að svo verði áfram og því þarf að vernda núverandi stöðu íslenskrar framleiðslu. Framleiðsla matvæla án lyfja er stór partur af fæðuöryggi þjóðarinnar. Jafnframt þarf að vera tryggt að annað fóður sem nýtt er til framleiðslunnar, hvort sem það er innflutt eða framleitt hér á landi, sé ekki hættulegt neytendum sem borða afurðirnar. Í lið nr. 6 er fjallað um alþjóðleg markaðsmál en þar ætti að kveða sterkara að orði um að öll innflutt matvæli eigi að lúta sömu uppruna- og aðbúnaðarkröfum og gerðar eru til innlendar framleiðslu. Annað er ósanngjarnt gagnvart bæði innlendum framleiðendum og neytendum.

Í liðnum „Stefnan í framkvæmd“, þarf að liggja fyrir með skýrari hætti hver eigi að ábyrgð á að henni sé framfylgt, ásamt því að hver sé ábyrgðaraðili hvers markmiðs fyrir sig og hver kosti þá vinnu og framkvæmd sem fara þarf í svo markmiðin náist.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar

  
Sigfus Ingi Sigfússon  
Sveitarstjóri